



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

Afhelgun eða trúartilfærsla?

Breytt samsetning íslenskrar þjóðar og þróun trúfélaga

Bára Dís Sigmarsdóttir

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2023

Afhelgun eða trúartilfærsla?

Breytt samsetning íslenskrar þjóðar og þróun trúfélaga

Bára Dís Sigmarsdóttir

12 eininga lokaverkefni sem er hluti af
Baccalaureus Artium-prófi í félagsvísindum

Leiðsögukenndari
Andrea Sigrún Hjálmsdóttir

Félagsvísindasvið
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, maí 2023

Titill: Afhelgun eða trúartilfærsla? Breytt samsetning íslenskrar þjóðar og þróun trúfélaga

Stuttur titill: Afhelgun eða trúartilfærsla?

12 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Artium-prófi í félagsvísindum.

Höfundarréttur © 2023 Bára Dís Sigmarsdóttir

Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurlóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Bára Dís Sigmarsdóttir, 2023, bakkalárprófsverkefni, félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 49 bls.

Prentun: Prentmet Oddi

Akureyri, maí, 2023

Ágrip

Markmið þessarar ritgerðar er að varpa ljósi á þær breytingar sem hafa átt sér stað í þróun trúfélaga á Íslandi á síðustu áratugum. Leitast verður við að kortleggja breytingar á fjölda meðlima í hverju trúfélagi fyrir sig og tengsl breytinganna á fjölda innan þeirra við fjölda innflytjenda. Fjallað verður um stærstu innflytjendahópa á Íslandi, frá hvaða löndum þeir hópar koma ásamt því að fjalla um hvaða trúarhópum þeir tilheyra. Þá verður einnig fjallað um trúfélög á Íslandi og skoðaðar verða tölur frá Hagstofu Íslands á milli ára 1998 og 2022 til að kortleggja breytinguna sem hefur orðið á samsetningu og fjölda meðlima í ólíkum trúfélögum hér á landi. Ritgerðin byggir á fimm meginköflum sem kallast: Trúarbrögð, Trúarbrögð á Íslandi, Afhelgun, Innflytjendur og að lokum verður fjallað um þróun trúfélaga á Íslandi. Helstu niðurstöður ritgerðarinnar eru að aukinn fjöldi innflytjenda ásamt samfélagsbreytingum hafa verið tveir meginþættir þegar kemur að þróun og breytingu trúfélaga á Íslandi

Abstract

With this essay, the goal is to shed light on the changes that have taken place in the development of religious organizations in Iceland, specifically the number of registered members in each religious organization and the relationship between that number and the number of immigrants. The largest immigrant groups in Iceland will be discussed, specifically what country they come from as well as which religious groups they belong to. Along with that, religious organizations in Iceland will also be discussed and data from Hagstofa Íslands between the years of 1998-2022 will be examined to map the change that has taken place. The essay is based on five main chapters called: Religion, Religion in Iceland, Desecration, Immigrants and finally the development of religious organizations in Iceland will be discussed. The main conclusions of the essay are that the increased number of immigrants as well as social changes have been the two main factors when it comes to the development and change of religious organizations in Iceland

Formáli

Þessi ritgerð er 12 eininga lokaverkefni mitt til B.A. gráðu í félagsvísindum við Háskólann á Akureyri. Yfirskrift ritgerðarinnar er: Afhelgun eða trúartilfærsla? Breytt samsetning íslenskrar þjóðar og þróun trúfélaga.

Áhugi minn á félagsvísindalegum málefnum hefur sennilega haft uppruna sinn í áhuga á öllum þeim mismunandi trúarbrögðum sem til eru í heiminum. Spurningar um hið yfirskilvitlega og hvernig það hefur áhrif á gjörðir og hegðun mannanna í tengslum við þeirra menningu og félagslega hegðun hafa vakið áhuga minn. Þessar spurningar hafa alltaf verið á bak við eyrað í gegn um háskólanámið mitt síðastliðin 3 ár. Þess vegna var tilvalið að fjalla um viðfangsefni tengt trú í lokaverkefninu mínu.

Ritgerðin var unnin undir leiðsögn Andreu Sigrúnu Hjálmsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri og vil ég færa henni sérstakar þakkir fyrir uppbyggilega gagnrýni og góða leiðsögn. Að lokum við ég þakka fjölskyldu og vinum sem að studdu við mig og hvöttu mig áfram við skrifin á þessu lokaverkefni.

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	1
2	TRÚARBRÖGÐ	3
2.1	TRÚARBRÖGÐ Í OKKAR SAMFÉLÖGUM	3
2.2	SKILGREINING TRÚAR	4
2.3	ÚTBREIÐSLA TRÚAR Í HEIMINUM	6
2.4	FJÖLMENNUSTU TRÚARBRÖGÐ HEIMSINS	7
3	TRÚARBRÖGÐ Á ÍSLANDI	9
3.1	KRISTNITAKAN.....	9
3.2	SAMBAND RÍKIS OG KIRKJU	11
3.3	ÞRÓUN TRÚFÉLAGA Á ÍSLANDI	11
4	AFHELGUN	15
4.1	HUGTAKIÐ AFHELGUN.....	15
4.2	AFHELGUN OG AÐSKILNAÐUR RÍKIS OG KIRKJU Á NORÐURLÖNDUNUM	16
4.3	AFHELGUN Á ÍSLANDI.....	16
5	INNFLYTJENDUR	19
5.1	INNFLYTJENDUR UM ALLAN HEIM.....	19
5.2	INNFLYTJENDUR Á ÍSLANDI	20
6	ÞRÓUN TRÚFÉLAGA Á ÍSLANDI	25
6.1	SKILGREINING Á FLOKKUM	25
6.2	NIÐURSTÖÐUR Á GAGNASKOÐUN FRÁ HAGSTOFU ÍSLANDS	29
7	UMRÆÐUR	41
	HEIMILDIR	43

Myndayfirlit

Mynd 1: Hlutfall Íslendinga sem skráðir voru í Þjóðkirkjuna á árunum 1998-2022.	17
Mynd 2: Fjöldi búsettra innflytjenda á Íslandi á árunum 1998-2022.	21
Mynd 3: Fjöldi Pólverja búsett á Íslandi á árunum 1998-2022.	21
Mynd 4: Fjöldi Litháena búsett á Íslandi á árunum 1998-2022.	22
Mynd 5: Fjöldi Filippseyinga búsett á Íslandi á árunum 1998-2022.....	23
Mynd 6: Flokkun á trúfélögum eftir hugmyndafræði.	25
Mynd 7: Fjöldi einstaklinga skráðir í 1. flokk (Þjóðkirkjan).....	30
Mynd 8: Fjöldi einstaklinga skráðir í 2. flokk (Kristnir söfnuðir utan Þjóðkirkjunnar).	31
Mynd 9: Fjöldi einstakling skráðir í 3. flokk (Kristnir bókstafstrúarsöfnuðir).	32
Mynd 10: Fjöldi einstaklinga skráðir í 4. flokk (Katólska kirkjan).	33
Mynd 11: Fjöldi einstaklinga skráðir í 5.flokk (Vottar Jehóva).	34
Mynd 12: Fjöldi einstaklinga skráðir í 6. flokk (Múslimar).	35
Mynd 13: Fjöldi einstaklinga skráðir í 7. flokk(Búddistar).	36
Mynd 14: Fjöldi einstaklinga skráðir í 8. Flokk (Ásatrú).....	37
Mynd 15: Fjöldi einstaklinga skráðir í 9. flokk (Siðmennt).	38
Mynd 16: Fjöldi einstaklinga í 10 flokki, utan trú- og lífsskoðunarfélaga.	39

1 Inngangur

Þegar hugtakið trú er skoðað vakna gjarnan upp vangaveltur um hlutverk trúarinnar. Til hvers er trúin? Hvert er hlutverk hennar og hvers vegna trúum við? Þessar spurningar eiga oft við þar sem að trúarbrögðin sjálf hafa verið umdeild og er trúin oft fremur óljós og breytileg. En trú (e. religion) er skilgreind sem trú eða dýrkun á yfirskilvitlegan mátt, sérstaklega þá á guð eða guði (Oxford Languages, e.d.). Á tímum aukinnar hnattvæðingar og fólksflutninga í heiminum hafa menningarkimar, trúarbrögð og hefðir samfélaga um allan heim orðið dreifðari og hluti þeirra hefur oft á tíðum sameinast öðrum menningarheimum. Líkt og í öllum öðrum löndum hefur samsetning íslensku þjóðarinnar breyst hratt og áhugavert er að skoða hvaða áhrif fólksflutningarnir hafa haft á trúarlíf Íslendinga, þá sérstaklega í tengslum við stöðu þjóðkirkjunnar og hennar umdeilda samband við ríkið.

Í ritgerðinni verður kortlögð sú breyting sem hefur orðið á samsetningu íslenskrar þjóðar og þá sérstaklega með tillit til breytinga á skráningum einstaklinga í mismunandi trúfélög. Þær tölur og þróun þeirra verða skoðaðar og lögð verður áhersla á innflytjendur og trúarbrögð þeirra. Við þessa greiningu verða notaðar tölur frá Hagstofu Íslands og gert verður grein fyrir þeim tölum sem þar liggja fyrir í tengslum við skráningar í trúfélög. Ritgerðin byggir á fimm meginköflum sem kallast: Trúarbrögð, Trúarbrögð á Íslandi, Afhelgun, Innflytjendur og að lokum verður fjallað um þróun trúfélaga á Íslandi. Mikilvægt er að átta sig betur á því hvað liggur að baki þeim tölfræðilegu gögnum og hugtökum sem fjallað verður um síðar í ritgerðinni.

Í upphafi ritgerðarinnar er mikilvægt að skýra muninn á og skilgreina hugtökin: trú, trúarbrögð og trúarhópar, sem fjallað er um í ritgerðinni. Hugtakið *trú* (e. trust/faith) er það að hafa traust eða tiltrú á einhvern eða að eitthvað sé til (Mörður Árnason, 2010). Hugtakið *trúarbrögð* (e. religion/faith) er skilgreint af Dóru Hafsteinsdóttur og Sigríði Harðardóttur (1990) sem „trú mannsins á æðri máttarvöld og heildarskilningur á tilverunni tengdur tilteknu kerfi trúar, gildismats og athafna. Ákvarða eða hafa áhrif á atferli, tilteknar athafnir, helgisiði og siðgæðisviðmiðun“. Þrátt fyrir að orðin trú og trúarbrögð séu ekki fullkomin samheiti munu þau vera notuð þannig í þessari ritgerð. Orðið trú mun vera notað í stað eintöluorðsins trúarbragð

sem ekki er til í íslenski tungu. Hugtakið *trúarhópur* (e. religious group) er síðan hópur af einstaklingum sem aðhyllast öll sömu trúarbrögðunum (Law insider, e.d.).

2 Trúarbrögð

Til þess að geta skoðað breytingar á trúarlífi Íslendinga er mikilvægt að öðlast þekkingu og skilning á hugtökunum tveimur; trú og trúarbrögð. Þrátt fyrir að ýmsar skilgreiningar liggji fyrir frá fræðimönnum hafa hugtökin verið talin margþætt og flókin og mikilvægt er því fyrir samhengi ritgerðarinnar að gera grein fyrir því hvers vegna trú og trúarbrögð hafa jafn mikil áhrif á einstaklinga og þau gera.

2.1 Trúarbrögð í okkar samfélögum

Trúarbrögð eru eins margvísleg og þau eru mörg. Í grunninn eru trúarbrögð þó flest áþekk og byggja þau í flestum tilfellum á svipuðum hugmyndum um frið, kærleika og ást, þrátt fyrir að útfærslurnar séu mismunandi. Trúarbrögð setja svip á heilu samfélögin og móta oft reglur og lög þjóðríkja og hafa ýmis trúbrögð því haft áhrif á meirihluta samfélaga í heiminum í gegnum aldirnar (Coogan, 2003). Trú hefur einnig sett sinn svip á arkitektúr og menningarlegar byggingar og eru margar af merkustu byggingum heimsins innblásnar af trú eða byggðar til að þjóna einhverjum tilgangi innan trúarinnar (Wilkinson, 2008). Dæmi um slíkar byggingar eru t.d. Gullna hofið á Indlandi, Búddistahofið Wat Rong Khun í Taílandi og dómkirkja heilags Basils í Rússlandi (The Architecture designs, e.d.). Frá upphafi hafa trúarleiðtogar um allan heim verið áhrifavaldar þegar kemur að mótun siðferðislegra, félagslegra og pólitískra stefnumála (Coogan, 2003). Trúarleiðtogarnir eru mismunandi eftir hverri trú fyrir sig en oft eru þeir prestar, fræðimenn, kennarar eða gúrúar. Leiðtogarnir kenna og þýða trúarlega texta, aðstoða þá sem minna mega sín ásamt því að vera talsmenn síns söfnuðar (Wilkinson, 2008). Erfitt er að átta sig á því hvenær trúarbrögðin sköpuðust fyrst þar sem að flest þeirra urðu til í einhverri mynd samhliða menningunni sem þau eru dregin úr, enn eru þó ný trúfélög að verða til (Coogan, 2003).

Trúarbrögð eru talin hluti af áhrifamestu öflum mannkynsins og hefur það sannarlega sýnt sig í gegn um tíðina (McGuire, 1992). Með því er átt við að trúarbrögð sem til eru geta haft áhrif á skoðanir og gjörðir fólks sem síðan breyta hlutum í nafni trúarinnar. Trúarbrögð geta þannig í

meðförum fólks og vegna túlkunar þeirra haft máttinn til að breyta og móta þá skoðanir, viðmið og gildi fólks. Með þessu geta trúarbrögð beint og óbeint haft áhrif á fjölskyldur, samfélög og allan heiminn (McGuire, 1992). Sem helsta dæmi má nefna hryðjuverk, sem hafa um árabíl haft gríðarleg áhrif á samfélög um allan heim. Hryðjuverk í nafni trúar eru ekkert nýtt fyrirbæri en fræðimenn hafa tengt nýja „bylgju“ hryðjuverka við aukin fjölda bókstafstrúarhópa. Þessir einstaklingar eða hópar stunda það að fremja hryðjuverk í nafni Guðs eða annarra trúarleiðtoga (Capell og Sahliyah, 2007). Sem dæmi er hægt að nefna Hryðjuverkahópinn Al Kaída og fyrrverandi leiðtoga hans Osama Bin Laden, en hópurinn aðhyllist íslamstrú. Hryðjuverkahópurinn sá er talinn bera ábyrgð á fjölmörgum hryðjuverkaárásum allt frá árinu 1990 til dagsins í dag. Meðal annars er hópurinn talin bera ábyrgð á hryðjuverkaárás sem átti sér stað þann 11. september árið 2001 í New York, Bandaríkjunum. Meðlimir hópsins tóku þá yfir þrjár flugvélar og flugu þeim inn í svokallaða tvíburaturnna í New York og Pentagonbygginguna í Wasington. Áætlun þeirra var fyrst að taka fjórar flugvélar en þeim tókst aðeins að taka yfir þrjár þeirra. Turnarnir tveir gáfu sig og varð þetta hryðjuverk það mannskæðasta síðari tíma (Post, 2002).

Einnig hafa einstaklingar framkvæmt stór hryðjuverk í nafni trúar og er norðmaðurinn Anders Behring Breivik þekkt dæmi um það. Hryðjuverkaárásin sem hann framdi átti sér stað 22. júlí árið 2011 og var hún tvíþætt. Annars vegar setti hann af stað sprengju í miðbæ Osló sem hann notaði til að draga athygli frá fjöldamorði sem hann framdi á sama tíma á eyjunni Útey í Noregi. Anders fór vopnaður til eyjarinnar þar sem hann skaut ungmenni sem þar voru í sumarbúðum. Í þessum tveimur árásum létust 77 manns. Andres er öfga hægri sinnaður og kallar sjálfan sig bókstafstrúar á kristni. Hann leggur hatur á múslima, sagði þá vilja taka yfir Evrópu og vildi hann þess vegna „útrýma“ þeim. Með hryðjuverkinu sagðist hann vera að senda skilaboð til þeirra (Salomonsen, 2021).

2.2 Skilgreining trúar

Fyrir fræðimenn um allan heim hefur verið erfitt að sammælast um eina algilda skilgreiningu á hugtakinu trú og hefur hún ekki fundist hingað til. Þrátt fyrir það eru flestir sammála um að trú og trúarbrögð gegni mikilvægum hlutverkum í lífi fólks. Trúin getur verið fólki stuðningur, leiðarvísir og aðhald þegar kemur að viðmiðum og gildum. McGuire (1992) segir að trú sé einstaklingsbundin og er það í raun undir hverjum einstaklingi fyrir sig komið að skilgreina hvað

þeim finnst vera trú. Mannfræðingurinn Edward Tylor skrifaði bókina Primitive culture sem upprunalega kom út árið 1871 og var hún með fyrstu verkunum sem skoðuðu uppruna og upphaf trúar. Tylor taldi að trúarbrögð hefðu þróast með kerfisbundnum hætti út frá andatrú. Hann taldi að í öllum samfélögum væri hægt að finna trúarbrögð sem að hefðu þann sameiginlega kjarna og það væri hinn andlegi kjarni sem er grunnur allrar trúar. Tylor taldi skilgreiningu trúar þess vegna byggja á trú á andlegar verur þar sem að trúin ætti uppruna sinn í útskýringum á náttúru fyrirbærum (Morrison, 2006).

Franski félagsfræðingurinn Émile Durkheim gaf út bókina The Elementary Forms of the Religious Life árið 1912. Í henni lagði Durkheim áherslu á að tótemismi (e.totemism) væri grunntrúin sem öll önnur trú væri byggð á en tótemismi byggir á trú á hlutum og náttúrulegum fyrirbærum. Durkheim hélt því fram að trú á Guð og aðrar andlegar verur og/eða andlega hluti vera of óhlutbundnir til að spretta fram af sjálfu sér (Ikkos, 2019). Durkheim (1964, bls. 44) skilgreindi hugtakið trúarbrögð sem: „kerfi hugmynda og athafna sem varða helga hluti, þ.e.a.s. fyrirbæri sem aðgreind hafa verið með bannhelgi, og sameinar alla þá sem lúta því í siðrænt samfélag sem kalla mætti kirkju“ (Þýðing Bjarna Randvers Sigurvinssonar, 2009).

Trúarbrögð eru fjölmörg en hægt er að flokka þau í tvo meginflokk: Opinber og óopinber trúarbrögð. Þau fyrrnefndu eru þau trúarbrögð sem að fjallað verður um í þessari ritgerð. Þetta eru t.d. ýmsar tegundir af kristni, hindúisma, búddisma og svo mætti lengi telja. Þessi opinberu trúarbrögð eru þau sem skráð eru hjá ríkinu, fela í sér reglulegar samkomur eða messur hjá trúfélögum og yfirleitt hafa þessi trúfélög einnig einhvers konar safnaðarheimili, eins og kirkjur, moskur eða musteri þar sem safnaðarmeðlimir koma saman. Opinber trúarbrögð eru í grunnin merkingarkerfi sem hafi hlotið opinbert samþykki og hafa því í gegnum tíðina breiðst út í mörgum mismunandi samfélögum og löndum (McGuire, 1992). Hið síðarnefnda, óopinber trúarbrögð eru galdrar, andatrú, hjátrú, trú á hið yfirskilvitlega og hið dulræna. Í óopinberum trúarbrögðum eru yfirleitt hugmyndir, athafnir og merkingarkerfi sem hafa ekki verið samþykkt af opinberum trúarbrögðum eða hinu opinbera í tilteknum löndum (McGuire, 1992).

Trúarbrögðin eiga flest, ef ekki öll, margt sameiginlegt. Til dæmis er hægt að nefna helgu ritin eða textana sem þau flest byggja á. Í kristni er það Biblían sem er hið helga rit. Kristnir einstaklingar leggja áherslu á það að fylgja því sem í henni stendur, sumir meira en aðrir en í hana er vísað í messum og öðrum trúarsamkomum hjá þessum trúarhópum. Í íslam kallast trúarritið Kóraninn og er sama áhersla lögð á hann í íslams trú líkt og á Biblíuna í kristni (Coogan,

2003). Í trúarbrögðum um allan heim er boðskapurinn og markmiðið að betrubæta þann sem trúir og fá hann til að taka ákvarðanir sem eru siðferðislega réttar (Wilkinson, 2009). Önnur dæmi um líkindi milli mismunandi trúa er að flest þeirra byggja yfirleitt á trú á helgan karl og stundum konu. Dæmi um þetta eru t.d. Jesús Kristur í kristni og gyðingdómi eða Búdda í búddisma (Coogan, 2003). Annað sem að trúarbrögðin eiga öll sameiginlegt er að þau leitast við að svara flóknum tilvistarlegum spurningum. Þetta eru t.d. spurningar um líf fyrir fæðingu og eftir dauðann, spurningar um mikilvægi þjáningar og fyrirgefningar. Öll trúfélög eru síðan á einn eða annan hátt bæði einstaklingsbundin og sameiginleg, þ.e.a.s. einstaklingar í einstökum trúfélögum stunda sína trú sem einstaklingar eða hittast með öðrum einstaklingnum sem iðkað sína trú í sameiningu (Wilkinson, 2008).

2.3 Útbreiðsla trúar í heiminum

Upphaf trúar byggist á ýmskonar kreddum eða kenningum. Kenningarnar sem trúarbrögð eiga uppruna sinn í eru í raun hinn félagslegi þáttur trúarupplifunar og snúast þær um að gera innsæisreynslu eða tilfinningar einstaklinga að hugmyndafræði. Nú í dag eru óteljandi kenningar innan hverrar trúarhreyfingar fyrir sig en tilgangur þessara kenninga er að sameina trúaða einstaklinga, þ.e.a.s. ef einstaklingarnir eru sammála um kenninguna. Oft geta einstaklingar og/eða hópar innan sama trúfélags verið ósammála og getur það valdið því að þeir hópar skiljist að og þannig myndast ný afbrigði af trúarbrögðum (Wilkinson, 2008).

Trúarbrögð hafa verið til í að minnsta kosti 10.000 ár. Á þeim tíma, jafnvel áður en að ritlist var fundin upp, virðist sem mannfólk hafi stundað og iðkað einhvers konar trú. Samfélög hafa skapast og menningarheimar myndast út frá tilvist trúar og getum við tengt margt í okkar nútímalífi við forn trúarbrögð (Coogan, 2003). Forn trúarbrögð eru þau trúarbrögð sem ættbálkar stunduðu um allan heim og eru það þau trúarkerfi sem að urðu til á undan stóru heimstrúarbrögðunum sem að við þekkjum í dag. Þessi trúarbrögð urðu til áður en ritlist varð til svo þau hafa aðeins borist á milli kynslóða í gegnum sögur og frásagnir. Forn trúarbrögð gengu út á það gleðja andana og guðina sem fólkið trúði á til þess að koma í veg fyrir að slæmir hlutir myndu gerast, eins og flóð eða aðrar sambærilegar náttúruhamfarir (Wilkinson, 2008). Forn trúarbrögð eru ekki fjölmenn í dag en þrátt fyrir það eru þau enn iðkuð og þá helst í samfélögum frumbyggja í norður og suður Ameríku, sunnan við Sahara eyðimörkina, í Ástralíu og norður og austur Asíu (Wilkinson, 2008).

2.4 Fjölmennustu trúarbrögð heimsins

Fimm stærstu trúarbrögð heims eiga öll rætur sínar að rekja til Asíu, það eru trúarbrögðin kristni, gyðingdómur, íslam, hindúismi og búddadómur. Öll eiga þau uppruna sinn í Miðausturlöndunum og þar í kring. Trúarbrögðin skiptast í eingyðistrúarbrögð og fjölgyðistrúarbrögð. Eingyðistrúarbrögð eru þau trúarbrögð sem að aðhyllast aðeins einn Guð. Kristni, eitt af eingyðistrúarbrögðum heims ásamt gyðingdómi og íslam, er fjölmennasta trúin í heiminum í dag (Berndl, o. fl., 2008). Í kringum árið 30 f.Kr. tók kristni að dreifast um heiminn og þá helst í norður og austurátt út frá austurhluta Miðjarðarhafsins (Berquist, 2005). Kristni hefur dreifst einna mest, til flestra landa og allra heimsálfa (Wilkinson, 2008). Kristni hefur frá upphafi verið meðal fimm fjölmennustu trúarbrögðum heims vegna tengingar við forn grikki og grísk-rómverska menningu en þaðan kemur einmitt uppruni gyðingdóms. Eftir dauða og upprisu Jesú Krists skiptist trúarhópur gyðinga í tvær mismunandi fylkingar, við þekkjum þær í dag sem gyðingdóm og kristni (Berndl, o. fl., 2008). Íslam eða múhameðstrú, eins og hún er stundum kölluð, er yngst fimm stærstu trúarbrögðanna. Íslam á rætur að rekja í gyðingdóm eða nánar tiltekið til spámansins Múhameð.

Eingyðistrúarbrögðin kristni, gyðingdómur og íslam eiga því rætur að rekja á svipaðar slóðir en oft er litið fram hjá því sem íslam á sameiginlegt hinum tveimur og er það er einfaldlega vegna þess hve ólík útfærslan er á þeim trúarbrögðum í dag (Berndl, o.fl., 2008). Fjölgyðistrúarbrögðin sem tilheyra fimm fjölmennustu trúarbrögðum eru hindúismi og búddismi og eiga þau uppruna sinn á Indlandi. Þessi trúarbrögð hafa dreifst minna um heiminn en hafa þar af leiðandi sterkari rætur í sínum meginlöndum sem eru Indland og löndin í kring en einnig víðsvegar í Asíu (Berndl, o. fl., 2008). Þess má geta að fylgjendur búddisma er í dag mun dreifðari en fylgjendur hindúisma (Wilkinson, 2008).

3 Trúarbrögð á Íslandi

Frá árinu 1000, þegar kristnitakan átti sér stað, hefur Ísland verið talin kristin þjóð og meirihluti þjóðarinnar tilheyrir þjóðkirkju sem byggir á evangelísk-lúthersk kristni. Þjóðkirkjan er oft talin gegna því mikilvæga hlutverki að sameina þjóðina sem eina einingu ásamt því að viðhalda samheldni mismunandi og ólíkra hópa. Þjóðartrú Íslendinga er því oft kölluð hluti af þjóðarsál eða þjóðarvitund Íslendinga (Pétur Pétursson, 2000). Í þessum kafla verður skoðuð sú þróun sem hefur átt sér stað á trúarlífi Íslendinga frá árinu 1000 og til dagsins í dag.

3.1 Kristnitakan

Það var í kringum aldarmótin 1000 sem kristnitaka á Íslandi átti sér stað og með þeim atburði var skapaður grunnur að því að kirkjustarf á Íslandi gæti haldið áfram að þróast og stækka á landinu öllu. Saga trúar á landinu er þó jafn gömul landnámi. Með fyrstu landnámsmönnum kom heiðni til landsins. Frá landnámi og fram að kristnitöku var heiðni megintrú hér á landi þrátt fyrir að einhver hluti landsmanna hafi verið kristinnar trúar (Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson, 1991). Þegar leið að aldarmótum árið 1000 höfðu íbúar landsins skipt sér upp í tvær fylkingar, fylkingu heiðinna manna og fylkingu kristinna manna.

Sagan af kristnitökunni hefur oft verið umdeild og fræðimenn hafa ekki alltaf verið sammála hvernig atburðarásin að trúarbragðaskiptum Íslendinga átti sér raunverulega stað (Hjalti Hugason, 2000). Ari Fróði, sá sem skrifaði um kristnitökuna í Íslendingabók, hefur verið talin víkja nokkrum sinnum í frásögn sinni frá því sem raunverulegt átti sér stað án þess þó að það sé staðfest. Í frásögn sinni segir Ari fróði frá Ólafi Tryggvasyni Noregskonungi sem sendi til landsins prest að nafni Þangilbrandur en hann fór í sendiför til Íslands og kenndi íslenskum mönnum kristni og skírði þá sem vildu. Um leið og Þangilbrandur kom aftur til Noregs komu þangað tveir íslenskir höfðingjar, þeir Gissur hvíti Teitsson og Hjalti Skeggjason en þeir höfðu báðir þegið skírni af Þangilbrandi (Hjalti Hugason, 2000). Gissur fór upprunalega til Noregs (með Hjalta) sem fulltrúi íslenskra kristinna manna til að biðja um áframhaldandi stuðning Ólafs Noregskonungs við innleiðingu kristni á Íslandi.

Ólafur Noregskonungur sendi þá aftur til Íslands með erindi til Alþingis, þeir söfnuðu liði þegar komið var til Íslands og riðu í stórum hópi á þing (Hjalti Hugason, 2000). Þeir báru upp erindi sitt á Lögbergi en erindinu mótmæltu heiðnir menn. Þeir urðu þá sammála um það að Þorgeir Ljósvetningagoði skyldi leggja undir feld og íhuga hvort trúarbragðaskipti ættu að eiga sér stað. Næsta dag gekk Þorgeir að Lögbergi og kvað upp þann úrskurð að allir skyldu verða kristnir á Íslandi (Þingvellir, e.d.). Þjóðsagan segir síðan að Þorgeir Ljósvetningagoði hafi í kjölfar kristnitökunnar kastað heiðnum skurðgoðum sínum í Goðafoss í Skjálfafljóti (Svavar Sigmundsson, 2015).

Hægt og rólega þróaðist kristni á Íslandi, frá þeirri sem hún var við kristnitöku í þá kristni sem við þekkjum í dag (Hjalti Hugason, 2000). Fljótlega eftir kristnitöku var fyrsta kirkjan á Þingvöllum reist, þetta var líklega í kring um 1015. Þessi kirkja var kölluð Ólafskirkja eftir Ólafi Noregskonungi og í kjölfarið var Alþingi alltaf sett með guðsþjónustu í kirkjunni. Nú til dags hefur orðið breyting á þessu fyrirkomulagi og guðsþjónustan fyrir þingsetningu fer fram í Dómkirkjunni en ekki á Þingvöllum líkt og áður fyrr. Enda Alþingi nú staðsett við Austurvöll í Reykjavík en var á Þingvöllum allt fram til 1798 (Þingvellir, e.d.).

Eins og áður hefur komið fram þróaðist á þessum tíma, þ.e.a.s. í kjölfar kristnitökunnar, grunnur að þjóðkirkju Íslendinga og tengingu hennar við ríkið. Ásamt því er hægt að segja að landið hafi orðið fyrir miklum menningarlegum og félagslegum áhrifum tengdu ritmáli og bókmenningu í kjölfar kristnitökunnar. Þessi þróun tengdist kristnitökunni ekki beint en áhrifin komu frá hinni kristnu Evrópu og ollu þau stórfelldum breytingum á lífsháttum Íslendinga. Menningarstraumarnir áttu þá greiðari aðgang en áður fyrr vegna sameiginlegrar trúar (Hjalti Hugason, 2000). Samkvæmt Hjalti Hugasyni (2000) er helst hægt að nefna að Íslendingar hafi náð góðum tókum á þjálu ritmáli og gátu þeir með því móti fært langa og flókna texta í letur. Þetta varð til þess að fræðin sem áður fyrr voru stunduð munnlega voru skrásett en einnig umturnaði þessi breyting menningu Íslendinga. Þess vegna er hægt að segja kristnitakan hafi ekki aðeins haft trúarleg áhrif á Íslendinga heldur einnig áhrif sem að snertu alla hluta menningar og þekkingar á landinu öllu (Hjalti Hugason, 2000).

Íslensk kristni hélt áfram að þróaðist hægt og rólega en árið 1874 tók í gildi stjórnarskrá sem lagði grunn að þjóðkirkjuskipan í stað ríkisátrúnaðs (Hjalti Hugason, 2013). Ríkiskirkja eða ríkisátrúnaður líkt og var við lýði frá kristnitöku fram til ársins 1874 er það fyrirkomulag þegar kirkjan hefur ekkert sjálfstæði í sínum málum og eru þess vegna öll hennar mál, boðun,

helgisiðir, kenningar og annað slíkt háð samþykki frá ríkisvaldinu. Kirkjuskipanin þá mótaðist af þörfum valdamikilla manna en ekki almennings (Pétur Pétursson, 2000).

3.2 Samband ríkis og kirkju

Nú í dag hafa Íslendingar þjóðkirkju sem er hin evangelísk-lútherska kirkja og er því þjóðkirkjuskipan við lýði hér á landi. Þjóðkirkjuskipan er þegar ríkið styður og verndar kirkjuna í öllum hennar störfum, ríki og kirkja eru eitt, þrátt fyrir þetta hefur þjóðkirkjan ákveðið sjálfstæði gagnvart ríkisvaldinu. Með stjórnarskránni sem tekin var upp árið 1944 voru fest í sessi lög um trúfrelsi sem að hafði ekki verið áður. Fyrir þann tíma fór það saman að vera íslenskur ríkisborgari og evangelísk-lútherskar trúar (Þorbjörn Hlynur Árnason, 1994). Í 62. gr. Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands (Þingskjal nr. 33/1944) segir: „Hin evangelíska lútherska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.“. Vert er að nefna að þessu má breyta með lögum. Trúmálaákvæði sem að standa í stjórnarskránni eru öll enn í gildi en sum hafa tekið örlitlum breytingum í tengslum við viðurkenningu fullveldi Íslands í konungssambandi við Danmörku. Síðar, eða um 1998, tóku gildi þjóðkirkjulög sem að lögðu grunn að nýrri þjóðkirkjuskipan, það er sú þjóðkirkjuskipan sem að við búum við enn í dag (Hjalti Hugason, 2013).

Öll skráð trúfélög á Íslandi frá sóknargjöld greidd fyrir hvern þann einstakling sem skráður er í trúfélagið. Í stað þeirra sóknargjalda þurfa trúfélögin að sjá um allar tiltekna trúarlegar athafnir s.s. fermingar, giftingar, nafngjafir eða aðrar sambærilegar athafnir (Þingskjal nr. 960/2023). Áður fyrr fór sá hluti „sóknargjalda“ þeirra sem ekki skráðir voru í trúfélög til Háskóla Íslands en vegna mikillar aukningar í þann hóp var sú ákvörðun tekin að leggja það niður. Í dag fer sá peningur til ríkisstofnanna. Vert er að nefna það að sóknargjöld eru í mismunandi fjárlagaliðum, þ.e.a.s. sóknargjöld til mismunandi trúfélaga eru mishá. Sem dæmi er hægt að nefna að árið 2014 voru framlög vegna sóknargjalda til þjóðkirkjusafnaða um 33% hærra en til annarra trúfélaga (Þingskjal nr. 793/2013-2014).

3.3 Þróun trúfélaga á Íslandi

Í takt við fólksfjölgun og fólksflutninga tók trúarlíf þjóðarinnar að breytast. Fjöldi fólks hefur flutt í þéttbýli á 20. öldinni og fækkað hefur í dreifðari byggðum. Í kjölfar þessarar þróunar breyttist kirkjusókn og starf þjóðkirkjunnar í landinu. Fjöldi safnaða þjóðkirkjunnar hefur lítið breyst frá því á 20. öld en þrátt fyrir það hefur prestum fjölgað mikið. Mikilvægi kirkjunnar sem

stuðningsaðila við þá sem þurfa á því að halda jókst mikið á 20. öldinni. Þá varð kirkjan ekki aðeins staður fyrir trúarathafnir heldur hafa kirkjur einnig verið notaðar sem fræðslu og stuðningsmiðstöðvar, staður þar sem einstaklingar geta nálgast fjölskyldu-, hjóna- og einstaklingsráðgjöf. Ásamt þessu hafa starfsmenn kirkjunnar og prestar lengi séð um heimsóknarþjónustu til sjúkra og aldraðra og til þeirra sem minna mega sín. Þetta eru aðeins nokkur dæmi en mikilvægt er fyrir kirkjuna og starfsmenn hennar að styðja við samfélagið á allan þann hátt sem þau geta. Kirkjan hefur í gegnum árabíl gengt mikilvægu félagslegu hlutverki fyrir samfélagið á Íslandi (Pétur Pétursson, 2000).

Í upphafi 20. aldar voru nokkur mismunandi trúfélög stofnuð hér á landi. Þessir söfnuðir voru fyrstu trúfélögin á Íslandi sem ekki féllu undir þjóðkirkjuna. Dæmi um slík trúfélög eru t.d. Kefas trúfélag, Hjálpræðisherinn, Fíladelfíusöfnuðurinn og síðan KFUM og KFUK. Öll þeirra eru samt sem áður kristin trúfélög en féllu þó ekki undir hatt þjóðkirkjunnar. Mörg þeirra voru tengd hvítasunnuhreyfingunni þar sem meiri áhersla er lögð á náðargjafir og heilagan anda en til dæmis innan þjóðkirkjunnar. Upp fóru að rísa ýmis önnur trúfélög sem höfðu svipað gildi og Hvítasunnusöfnuðurinn, þetta voru t.d. Kletturinn, Krossinn, Vegurinn, Orð lífsins og svo mætti lengi telja (Pétur Pétursson, 2000).

Eins og áður hefur komið fram á samband ríkis og kirkju sér langa sögu eða frá kristnitöku í kringum aldarmótin 1000 en mikilvægt er að því sé haldið til haga að þjóðkirkjan gegnir enn mikilvægu hlutverki innan okkar samfélags, þrátt fyrir að mikilvægi hennar sé umdeilt á tímum (Pétur Pétursson, 2000). Á síðustu árum hefur þrýstingur aukist á endurskoðun sambands ríkis og kirkju og hefur fjöldi manns stutt við hugmyndir um aðskilnað ríkis og kirkju. Ásamt því hefur skráning í þjóðkirkjuna dalað gífurlega á síðustu áratugum (Karl Sigurbjörnsson, 2011; Hjalti Hugason, 2021).

Um aldarmótin 2000 voru um 89% landsmanna skráð í þjóðkirkjuna en í byrjun 2021 var sú tala komin niður í 63,5%. Þetta getur kallast mikil breyting og það á einstaklega fáum árum (Hjalti Hugason, 2021). Hjalti Hugason (2021) segir að þetta tengist einfaldlega því hve hratt samsetning íslensku þjóðarinnar hefur verið að breytast. Nýir Íslendingar eða innflytjendur voru árið 2021 um 13,5% en aðeins 2,6 % um aldarmótin síðustu. Á aðeins 20 árum hefur því innflytjendum fjölgað gríðarlega og eiga flestir þeirra rætur í öðrum trúarhefðum/brögðum en þjóðartrú okkar Íslendinga, evangelísk-lúthersku trúnni. Kirkjan hefur frá upphafi tekið stóran þátt í mennta-, félags-, velferðar- og heilbrigðismálum en þessi þjónusta kirkjunnar hefur dalað

síðustu ár í takt við breytingar í samfélaginu og í kjölfar minni áhuga fólksins í landinu á auknum tengslum við þjóðkirkjuna. Gildi og félagsleg uppsetning íslensks samfélags hefur tekið miklum breytingum síðustu 20-30 ár og þess vegna viðbúið að breytingar verði einnig á sambandi þjóðkirkju og ríkis (Hjalte Hugason, 2021).

4 Afhelgun

Afhelgun hefur verið notuð sem hugtak yfir það þegar trúarleg áhrif verða minni í samfélögum. Slík þróun hefur verið að eiga sér stað á Íslandi í gegnum tíðina en undanfarin ár hefur hún aukist (Fordahl og Berglind Ragnarsdóttir, 2021). Í þessum kafla verður hugtakið afhelgun skoðað ásamt því hvernig afhelgun hefur birst á Íslandi en einnig á hinum Norðurlöndunum.

4.1 Hugtakið afhelgun

Afhelgun (e. secularization) er hugtak sem hefur verið notað í gegnum tíðina til að lýsa því þegar trúarleg gildi verða áhrifaminni í samfélögum. Síðustu 20-30 ár hefur þessi þróun átt sér stað í samfélögum um allan heim. Bæði felur afhelgun í sér minnkandi aðsókn fólks í trúarlegar athafnir og minnkandi þátttöku einstaklinga í trúarlegum stofnunum, ásamt því að hlutverk trúar verður minna á hinu opinbera sviði, þá í tengslum við ríkisvald, pólitík, menningu og aðrar stofnanir (Dhima og Golder, 2021). Mark Chaves (1994) taldi að með nútímavæðingu ætti sér stað slík afhelgun. Hann taldi einnig að mikilvægt væri fyrir einstaklinga að túlka afhelgun sem hnignun á umfangi trúarlegs valds en ekki sem hnignun trúar yfir höfuð. Durkheim taldi að trú og trúarbrögð myndu í framtíðinni ekki vera ráðandi í hugum fólks eða meðvitund þeirra og þess vegna færi trú í samfélögum hnignandi (Pickering, 1984). Max Weber taldi að afhelgun væri óhjákvæmileg afleiðing aukinnar þekkingar á vísindum og útskýringum vísindanna á veraldlegum hlutum. Það er að segja, Weber taldi að með aukinni vísindalegri þekkingu á málefnum alheimsins þyrftum við ekki á trúarlegum skýringum á heiminum að halda (Vorster og Nico, 2013). Erfitt hefur verið að rannsaka trú einstaklinga þar sem að mismunandi einstaklingar skilgreina trú sína á mismunandi hátt. Tveir einstaklingar gætu svarað því játandi að vera trúaðir, en skilgreiningin þeirra á því hvað er að stunda trú getur verið mismunandi (Pétur Pétursson, 2005).


4.2 Afhelgun og aðskilnaður ríkis og kirkju á Norðurlöndunum

Í skrifum Svanberg (1999) um félagsfræðinginn David Martin kemur fram að samkvæmt Martin eru Norðurlöndin á meðal þeirra þjóða í heiminum sem hafa afhelgast einna mest. Aðeins lítil hluti íbúa þjóðanna fer reglulega í kirkju og er þátttaka í ýmsum trúarlegum viðburðum lítil í þessum löndum. Trú og hin ýmsu trúfélög gegna einnig litlu hlutverki í samfélaginu í samanburði við önnur lönd eins og í Asíu eða Afríku (Svanberg, 1999). Í Noregi, líkt og á hinum Norðurlöndunum, hefur aðsókn í þjóðkirkjuna, hina evangelísk-lúthersku kirkju, minnkað. Árið 1814 varð Noregur sjálfstætt ríki og með því varð kirkjan formleg þjóðkirkja ríkisins. Líkt og á Íslandi hefur skráning þjóðarinnar í þjóðkirkju Noregs minnkað og trúarleg þátttaka íbúa landsins minnkað gríðarlega. Þessi þróun hefur oft verið tengd við aukna fjölmenningu og breytta samsetningu norsku þjóðarinnar (Skeie, 2007). Frá árinu 2012 var uppi mikil samfélagsleg pressa um aðskilnað ríkis og kirkju í Noregi og gerðist það að lokum löglega 1. janúar 2017 (Hofverberg, 2017). Í Svíþjóð svipaðar stöðunni til Noregs, þ.e.a.s. að nú eru ríki og kirkja formlega aðskilin og átti það sér stað árið 2000. Þrátt fyrir það eru nokkrar undantekningar á því fyrirkomulagi sem felast í því að kirkjan tekur þátt í ákveðnum menningarlegum viðburðum í ljósi þess hversu kirkjan hefur verið stór hluti af sögu Svíþjóðar. Þá hefur starf kirkjunnar lítið breyst þrátt fyrir aðskilnaðinn. Kirkjan er nú aðeins talin vera frjáls félagasamtök en ekki opinber stofnun. Ríkið á að vera eftir aðskilnaðinn hlutlaust í öllum trúmálum og er kirkjunni nú stjórnað lýðræðislega en sem einingu utan ríkisins (Jänterä-Jareborg, 2010).

4.3 Afhelgun á Íslandi

Ísland er aðeins frábrugðið Svíþjóð og Noregi að því leiti að hér á landi eru mun fleiri skráðir í þjóðkirkjuna þrátt fyrir að undanfarin ár hafi hlutfall Íslendinga sem skráð eru í trúfélög sem kenna sig við kristna trú fækkað jafnt og þétt. Margir þeirra hafa skráð sig úr þjóðkirkjunni eða öðrum kristnum trúarsöfnuðum. Þessi þróun hefur verið oft tengd við afhelgun á Íslandi (Fordahl og Berglind Ragnarsdóttir, 2021). Áhugavert er að skoða þessar tölur í samhengi við skráða einstaklinga í þjóðkirkjuna. Fyrir rúmum tuttugu árum voru um 90% þjóðarinnar skráð í þjóðkirkjuna en í kring um 2020 voru aðeins tæplega 64% þjóðarinnar skráð. Líkt og áður hefur

komið fram hefur traust þjóðarinnar til þjóðkirkjunnar farið dvínandi eftir því sem líður á og þess vegna kemur það ekki á óvart að breytingin sé umtalsverð (Gunnar J. Gunnarsson, 2020).



Mynd 1: Hlutfall Íslendinga sem skráðir voru í þjóðkirkjuna á árunum 1998-2022 (Hagstofa Íslands, e.d. -c).

5 Innflytjendur

Fólksflutningar hafa aukist verulega í heiminum öllum á undanförunum árum og hægt er að tengja þá breytingu við aukna hnattvæðingu. Heimur allur breytist á ógnarhraða án þess að við náum að halda í við breytinguna. Í kaflanum verður fjallað um frá hvaða löndum flestir innflytjendur á Íslandi koma og hvernig þróun þeirra hópa hefur verið hér á landi. Áður en tölfræðilegar upplýsingar um innflytjendur á Íslandi verða skoðaðar þarf að átta sig betur á því hvernig staða innflytjenda er skilgreind og hvaða þættir hafa áhrif á fjölda þeirra.

5.1 Innflytjendur um allan heim


Með aukinni hnattvæðingu hafa fólksflutningar um allan heim aukist svo um munar. Aðallega hafa þetta verið fólksflutningar frá þróunarlöndum til Ameríku og vestur Evrópu. Áhrif hnattvæðingarinnar verða sífellt meira áberandi í nútímasamfélagi og koma þau fram með ýmsum hætti. Helst hefur hnattvæðingin áhrif á samgöngur og aukið vöruflæði milli landa. Hnattvæðingin hefur skapað ýmsa möguleika til þróunar á heimsvísu í tengslum við ýmis mál en á sama tíma hefur hún orsakað óstöðugleika í þróun fólksflutninga til og frá landa. Erfitt getur þess vegna verið að kortleggja fólksflutning þegar fólk er stöðugt á ferðinni (Kristín Loftsdóttir, 2004). Ýmsar ástæður eru fyrir fólksflutningum milli landa. Annars vegar geta það verið aðstæður í heimalandi, t.d. stríð eða náttúruhamfarir, og hins vegar aðstæður í landinu sem flutt er til, t.d. atvinnutækifæri eða betri lífskjör. Til þess að innflytjendum vegni vel í nýju landi þarf ýmislegt að vera til staðar, t.d. er hægt að nefna góð efnahagsleg skilyrði og kostur á almennri vellíðan (Gunnar Óskarsson og Sabit, 2019). Þessar aðstæður kallast ýting og togun (e. Push and Pull factors). Þær geta verið félagslegar, pólitískar eða umhverfis- og auðlindaástæður. Dæmi um ýtingu getur verið: Lítið öryggi, hátt atvinnuleysi, hærri glæpatíðni og meiri hætta á náttúruhamförum. Dæmi um togun er þá yfirleitt andstæðan: Meira öryggi, minna atvinnuleysi, lægri glæpatíðni, minni hætta á náttúruhamförum ásamt fleiru (Urbanski, 2022). Allir þessi eiginleikar gera Ísland að góðum áfangastað fyrir innflytjendur (Gunnar Óskarsson og Sabit, 2019).

5.2 Innflytjendur á Íslandi

Frá landnámi til ársins 1990 var samsetning íslensku þjóðarinnar býsna einsleit og einkenndist aðallega af Íslendingum sem fæddir voru hér á landi. Í kring um árið 1990 hóf samsetning þjóðarinnar að breytast með aukinni komu innflytjenda til landsins. Fyrst um sinn var stærsti hluti innflytjendanna frá hinum Norðurlöndunum og öðrum Vesturlöndum en nú í dag er hlutfall innflytjenda af þjóðinni eitt það hæsta í Evrópu. Þann 1. janúar 2019 samanstóð fjöldi þjóðarinnar af um 14.1% innflytjenda (Unnur Dís Skaptadóttir og Ólöf Garðarsdóttir, 2020).


Samkvæmt Hagstofu Íslands telst einstaklingur vera innflytjandi ef hann er fæddur erlendis ásamt því að báðir foreldrar hans, ömmur og afar séu einnig fæddir erlendis. Eins og áður kom fram voru innflytjendur á Íslandi 14,1% af þjóðinni í byrjun ársins 2019. Þetta er nokkur fjölgun frá því á sama tíma árinu áður þegar þeir voru aðeins 12,6%. Einnig er áhugavert að sjá hvernig einstaklingum með erlendan bakgrunn fjölgar ekki í takt við fjölda innflytjenda. En fólk er talið hafa erlendan bakgrunn annars vegar þegar annað foreldrið er erlent og hins vegar ef þú fæðist erlendis en báðir foreldrar hafa fæðst hér á landi. Þessi hópur var árið 6,9% af þjóðinni árið 2019. Innflytjendur á Íslandi hafa nú búsetu um allt land en mörg þeirra búa á Suðurnesjum og Vestfjörðum. Þess má geta að á Suðurnesjum eru innflytjendur tæp 27% íbúa og á Vestfjörðum eru þeir um 19% íbúa, þetta eru hlutfallslega stærstu hópar innflytjenda af íbúum tiltekins svæðis hér á landi (Hagstofa Íslands, 2019).

Evrópusambandið setti reglur sem fela í sér að Evrópubúar hafa forgang þegar kemur að landvistarleyfi eða flutningi á búferlum innan annarra landa í Evrópusambandinu (European Union, e.d.). Þrátt fyrir flutning innan Evrópu getur reynst erfitt fyrir innflytjendur að aðlagast nýju landi þegar komið er á áfangastað. Mikill munur getur meira að segja verið á milli landa með sameiginleg landamæri, t.d. mismunandi tungumál, menning og hefðir (Sotshangane, 2002). Um allan heim er litið á innflytjendur sem vinnuafli og móttökulöndin hagnast á komu þeirra. Fyrir hrun var t.d. mikil þörf á vinnuafli í tengslum við umfangsmiklar byggingaframkvæmdir og þá jókst fjöldi innflytjenda sem fluttust til landsins. Innflytjendur á Íslandi hafa komið í tveimur meginbylgjum, sú fyrri í náði hámarki í kring um 2009 en seinni bylgjan hófst árið 2013 og er enn í gangi (Gunnar Óskarsson og Sabit 2019).




Mynd 2: Fjöldi búsettra innflytjenda á Íslandi á árunum 1998-2022 (Hagstofa Íslands, e.d. -b).

Innflytjendur frá Póllandi hafa lengi verið í miklum meirihluta þeirra sem flytja til landsins en þannig hefur það ekki alltaf verið. Í kringum árið 2000 voru pólskir innflytjendur aðeins um 15% af öllum innflytjendum á Íslandi en árið 2018 var hlutfall þeirra komið í 45%. Hlutfall Pólverja af innflytjendum á Íslandi jókst mikið í fyrri bylgju innflytjenda (Gunnar Óskarsson og Veselaj, Sabit, 2019).




Mynd 2: Fjöldi Pólverja búsett á Íslandi á árunum 1998-2022 (Hagstofa Íslands, e.d. -b).

Innflytjendur frá Litháen eru annar stærsti hópur innflytjenda hér á landi. Líkt og hópur innflytjenda frá Póllandi þá komu flest þeirra til Íslands til að vinna og í von um betra líf fyrir sig og sínar fjölskyldur (Kristín Loftsdóttir, 2017).



Mynd 3: Fjöldi Litháena búsett á Íslandi á árunum 1998-2022 (Hagstofa Íslands, e.d. -b)

Filippseyingar eru þriðji stærsti hópur innflytjenda á Íslandi í dag. Innflytjendur frá Filippseyjum hófu að flytja til Íslands í kringum 1990 og eru konur í miklum meirihluta í þeim hópi. Samkvæmt Hagstofu Íslands (e.d. -a) hafa konur verið frá upphafi skráninga í miklum meirihluta Filippseyinga sem búsett eru á Íslandi og voru þær 310 talsins árið 1998 á meðan karlar voru það sama ár rétt um 70. Árið 2022 voru konur frá Filippseyjum orðnar 1571 talsins og karlarnir 803. Eins og sjá má á þessu hefur hlutfallið kvenna í hópnum jafnast aðeins út, úr rúmlega 80% árið 1998 í 66 % árið 2022. Konurnar koma yfirleitt einar til landsins annað hvort til að vinna eða flytjast til Íslands til að vera með íslenskum mökum sínum. Oftar en ekki sjá þær fyrir fjölskyldum sínum sem eru enn búsettir í Filippseyjum með því að senda pening til þeirra (Unnur Dís Skaptadóttir, 2019).



Mynd 4: Fjöldi Filippseyinga búsett á Íslandi á árunum 1998-2022 (Hagstofa Íslands, e.d. -b).

Eins og sést á þessu hafa síðustu tveir áratugir einkennst af miklum breytingum á Íslandi svo sem og annars staðar í heiminum. Mikið hefur breyst í sambandi við þróun innflytjenda á Íslandi og helst er hægt að nefna fjölgun meðal yngri kynslóða. Börn og ungmenni eru nú í stærri hluti af þessum hópi en þau voru áður. Hópur innflytjenda er orðinn í heildina fjölbreyttari og hægt er að sjá þetta vel á fjölda skráðra trúfélaga á landinu. Fyrir rúmum fimmtán árum voru skráð trúfélög á Íslandi 17 talsins en í kring um 2020 voru þau orðin 47 (Gunnar J. Gunnarsson, 2020).

6 Þróun trúfélaga á Íslandi

Trúarbrögðin sem hér verða skoðuð betur hafa verið flokkuð eftir hugmyndafræði og líkindum milli einstaka trúarhópa. Flokkunin tók tillit til þess sem er líkt og þess sem er ólíkt á milli trúfélaganna. Flokkarnir eru 10 talsins og í hverjum og einum eru trúfélög eða söfnuðir sem falla undir skilgreiningu hans.

1. Þjóðkirkjan	2. Kristnir söfnuðir utan þjóðkirkjunnar	3. Kristnir bókstafstrúarsöfnuðir	4. Kaþólska kirkjan	5. Vottar Jehóva
Þjóðkirkjan	Fírikirkjan í Reykjavík	Hvítasunnukirkjan á Íslandi	Kaþólska kirkjan	Vottar Jehóva á Ísl.
	Fríkirkjan Kefas	Smáarakirkja		
	Fríkirkjan í Hafnafirði	Vegurinn		
	Óháði söfnuðurinn	Íslenska kristkirkjan		
		Catch the fire		
		Bænahúsið		
		Boðunarkirkjan		
		Kletturinn		
		Betanía		
		Hjálpæðisherinn trúfélag		
6. Múslimar	7. Búddistar	8. Ásatrú	9. Lífsskoðunarfélög	10. Utan trú og lífsskoðunarfélaga
Félag múslima á Íslandi	Búddistafélag Íslands	Ásatrúarfélagið	Síðmennt	Után trú og lífsskoðunarfélaga
Stofnun Múslima á Íslandi	Demantsleið Búddismans	Reykjavikurgoðorð		Önnur trúfélög og ótilgreint
Menningarsetur Múslima á Ísl.	SGI á Íslandi			
	Félag tíbet búddista			
	Wat Phra Dhammakaya samtökin			

Mynd 5: Flokkun á trúfélögum eftir hugmyndafræði

6.1 Skilgreining á flokkum

Í fyrsta flokknum er aðeins eitt trúfélag en það er íslenska þjóðkirkjan. Þjóðkirkjan aðhyllist kristna trú og þá nánar tiltekið, hugmyndafræði evangelísk-lútherskrar kristni. Söfnuður þjóðkirkjunnar er einstakur að því leiti að hér á landi er það sá söfnuður sem íslenska ríkið viðurkennir sem kirkju þjóðarinnar (Ágúst Þór Árnason, e.d.). Ríkið og kirkjan eru enn sameinuð þrátt fyrir að í langan tíma hafi verið tekist á um það fyrirkomulag og uppi hafa verið hugmyndir um aðskilnað ríkis og kirkju. Frá kristnitöku hefur þetta samband verið álitamál í samfélaginu og hver einstaklingur haft sína skoðun (Hjalti Hugason, 2018).

Eins og hefur áður komið fram fær þjóðkirkjan, líkt og öll önnur skráð trúfélög, fjárlög í formi sóknargjalda en hefur þjóðkirkjan að meðaltali fengið hlutfallslega hærra fjárlög en önnur trúfélög (Þingskjal nr. 793/2013-2014). Með sambandi ríkis og kirkju hefur evangelísk-lúthersk

kristni líkt og þjóðkirkjan, haft áhrif þegar kemur að setningu laga og reglna sem að mörg hver gilda enn í dag (Ágúst Þór Árnason, e.d.). Evangelísk-Lúthers kristni gengur út á trú á að hjálpræði lífsins komi aðeins frá Guði í gegnum trú á hann og Jesús Krist en Jesús Kristur var virtasti trúarleiðtogi kristinnar trúar. Hann er álitinn holdgervingur Guðs af flestum kristnum mönnum (Wilkinson, 2008). Þau sem tilheyra þjóðkirkjunni og trúfélögum sem skilgreind eru innan 2. flokks trúa á Guð, Jesú og heilagan anda. Þau halda upp á jól, páska, gefa börnum nafn með skírnarathöfn eftir fæðingu, ferma um 13 ára og fylgja boðorðunum 10 (Coogan, 2003). Boðorðin 10 eru sett fram í Biblíunni sem leiðbeiningar um hvernig kristnir einstaklingar skulu lífa lífinu og taka réttar ákvarðanir. Boðorðin byrja flest á: „þú skalt ekki“ og á eftir kemur t.d. stela, ljúga, drepa eða girnast. Allt þetta er það sem Guð vildi ekki að þau sem trúðu á hann myndu gera (Guðni Már Harðarson, 2008).

Sú trú sem að þjóðkirkjan fylgir er sú sama og sú trú sem trúfélögin sem tilheyra flokki tvö gera en eru það fríkirkjur landsins; Fríkirkjan í Reykjavík, Hafnarfirði og Fríkirkjan Kefas ásamt Óháða söfnuðinum. Þessir trúarhópar eru einnig evangelísk-lúthersk kristnir og eini munurinn á þeim og þjóðkirkjunni er að þeir standa utan ríkisins.

Í þriðja flokknnum eru það sem kallað verður kristnir bókstafstrúarsöfnuðir. Munur er á þeirri evangelísk-lúthersku trú sem þjóðkirkjan og Fríkirkjur landsins aðhyllast og síðan þeirri sem bókstafstrúarsöfnuðir landsins aðhyllast. Flestir bókstafstrúarsöfnuðir hér á landi fylgja boðskap biblíunnar en eins og nafnið ber til kynna taka þau boðskapnum í bókstaflegri merkingu en þó mismikilli. Í gegnum tíðina hafa kristnir sértrúarsöfnuðir verið þekktir fyrir íhaldssamar skoðanir og mótspyrnu við nútímann. Einnig hafa slíkir trúarhópar verið þekktir fyrir mikla skipandi hegðun innan fjölskyldna ásamt því að leggja mikla áherslu á ráðandi og/eða skipandi karlmennsku (Bendroth, 2023). Í þennan flokk falla söfnuðirnir: Hvítasunnukirkjan á Íslandi, Smáarakirkja, Vegurinn, Íslenska kristkirkjan, Catch the fire, Bænahúsið, Boðunarkirkjan, Kletturinn, Betanía og Hjálpræðisherinn trúfélag.

Í fjórða flokknnum er kaþólska kirkjan en kaþólsk trú fellur undir kristna trú en skilgreiningin er aðeins önnur. Kaþólska kirkjan er stærsta og elsta tegund kristni. Kaþólikkar trúa á Jesú Krist, Guð og Biblíuna en leggja meiri áherslu á mikilvægi Maríu meyjar, Páfann og sakramentin (Edscorn, 2007). María mey er mikilvæg í kaþólskri trú þar sem að hún er talin vera móðir Jesús Krists. Í Biblíunni segir að hún hafi orðið þunguð af heilögum anda og síðar fætt Jesú. Sagan af kraftaverkagetnaði Jesúbarnsins veitir trú á trúfesti og tryggð um allan heim (Coogan, 2003).

Páfinn er forstöðumaður kaþólsku kirkjunnar og er hann kjörinn í starfið og situr hver páfi í embættinu þar til hann deyr, þrátt fyrir að með undantekningum hafa einstaka páfar sagt sig úr embættinu (Wilkinson, 2008). Sakramentin í Kaþólskri trú eru sjö talsins. Þau eru samkvæmt Kaþólsku kirkjunni á Íslandi (e.d.): „sýnileg tákn um ósýnilegan raunveruleika hjálpræðisins. Vegna þess að Guð hefur sömu áhrif og það sem þau vísa til". Aðeins einn söfnuður er á Íslandi fyrir Kaþólikka en það er Kaþólska kirkjan á Íslandi, sem rekur átta kirkjur víðs vegar um land sem halda messur og samkomur reglulega. Samkomurnar eru yfirleitt bæði á pólsku og ensku en lítill hluti þeirra er á íslensku. Stærsti kaþólski söfnuðurinn er í Landakoti, Reykjavík (Kaþólska kirkjan á Íslandi, e.d.)

Í fimmta flokknum er aðeins einn söfnuður og er það söfnuður Votta Jehóva sem rekur ríkissali á sjö stöðum á landinu. Vottar trúa á guðinn Jehóva og líta þeir á Biblíuna sem boðskap Guðs til manna. Trú Vottana er dregin úr grunni Biblíunnar en Vottar hafa skoðanir sem kristnir einstaklingar myndu oft telja vera órökréttar. Sem dæmi er hægt að nefna að Vottar þiggja ekki blóðgjöf í heilbrigðisskyni, þeir hafna hugmyndum um hina heilögu þrenningu sem er grunnur að annarri kristni. Ásamt þessu hafa Vottar skoðanir um sambönd og fjölskyldur sem eru oft ekki samfélagslega samþykktar hugmyndir, Vottar trúa að eina rétta leið til að stofna fjölskyldu sé hjónaband milli karls og konu og eina gilda ástæðan fyrir skilnaði er kynferðislegt siðleysi. Þeir telja samkynhneigð því vera synd (Wilkinson, 2008). Vottar halda ekki upp á jól, páska eða afmæli þar sem þeir trúa því að þessar hátíðir hafi upprunalega verið heiðnar (Emilía Dagný Sveinbjörnsdóttir, 2009). Vottar trúa því að eftir dauðan verða einstaklingar ekki lengur með meðvitund en trúa því að Guðinn Jehóva muni reisa milljarða manna upp frá dauðum (Opinbert vefsetur Votta Jehóva, 2023).

Í sjötta flokknum eru söfnuðir múslima á Íslandi og eru þeir þrír talsins; Félag múslima á Íslandi, Stofnun múslima á Íslandi og Menningarsetur múslima á Íslandi. Múslimar eru þeir sem að tilheyra trúnni íslam og heitir Guð þeirra Allah (Coogan, 2003). Múslimar trúa því að spámaðurinn Múhameð hafi fengi opinberanir frá Guði yfir nokkurra ára tímabil. Þessar opinberanir eru nú varðveittar í riti sem kallast Kóraninn og er trúarrit múslima. Mikilvægt er fyrir múslima að Kóraninn sé lesinn á því tungumáli sem hann var skrifaður á, sem var arabíska og hefur því tungumálið varðveist gríðarlega vel (Wilkinson, 2008). Múslimar flokkast í tvær mismunandi trúarlegar fylkingar; Sjía múslima og Súnni múslima en í dag tilheyrir meirihluti þeirra í seinni fylkingunni (Coogan, 2003). Helsti munurinn á fylkingunum tveimur er sá Súnnítar

leitast eftir því að fylgja fordæmi spámannsins en Sjítar leitast eftir því að fylgja eftir fordæmi Múhameðs og hans fjölskyldu (Wilkinson, 2008).

Í sjöunda flokknum eru búddistafélög á Ísland en þau eru; Demantsleið búddismans, SGI á Íslandi, Félag Tíbet búddista, Wat Phra Dhammakaya búddistasamtökin á Íslandi og Búddistafélag Íslands. Búddistar trúa í raun ekki á guð en aðhyllast Búdda sem hefur í gegnum tíðina verið mismunandi menn sem að öðlast hafa búddatígn (Coogan, 2003). Sá þekktasti hét Siddhartha Gautama og er upphaf búddisma rakið til hans. Þrátt fyrir það var hann hvorki sá fyrsti né síðasti sem kallaður var Búdda. Hann var ungur og ríkur prins á 6. öld f.Kr. sem sagði skilið við ríkidæmið og lagði af stað í leit af lausn við þjáningu mannkynsins. Leitin hans tók enda þegar yfir hann kom yfirskilvitleg trúarupplifun og hann varð í kjölfarið Búdda, eða „hinn upplýsti“ (Berndl, o. fl., 2008). Búddistar iðka sína trú með því að hugleiða og biðja bæði í klaustrum og á helgum stöðum heima fyrir. Þar færa þau Guðum sínum fórnir líkt og blóm, luktir og reykelsi. Að verða munkur eða nunna er einnig stór partur af búddisma, sérstaklega fyrir ungt fólk. Munkar og nunnur þurfa að fylgja ströngum reglum sem snúast um peninga, kynlíf og fatnað sem dæmi. Ásamt því þurfa þau einnig að segja skilið við allar sínar veraldlegu eignir (Wilkinson, 2008). Það sem ólíkt er með búddisma og öðrum trúarbrögðunum er að í búddisma er ekkert eitt trúarrit sem inniheldur allan þann boðskap sem trúin gengur út á. Þrátt fyrir það eru mörg minni rit sem að eru mikilvæg í trú þeirra (Wilkinson, 2008).

Í áttunda flokknum eru ásatrúarfélög en í þeim flokki eru tvö félög: Reykjavíkurgöðorð og Ásatrúarfélagið. Hugtakið ásatrú er sjálfst heldur nýlegt en víkingar til hins forna iðkuðu trúna en höfðu ekki nafn fyrir hana. Sú trú þróaðist síðar yfir í heiðin sið sem er nú mestmegnis iðkaður á Norðurlöndunum en eru einnig slíkir hópar í Bandaríkjunum og Bretlandi (Nationalmuseet i København, e.d.). Samkvæmt Ásatrúarfélaginu (e.d.) er „ Ásatrú eða heiðinn siður byggist á umburðarlyndi, heiðarleika, drengskap og virðingu fyrir fornum menningararfi og náttúrunni. Eitt megininntak siðarins er að hver maður sé ábyrgur fyrir sjálfum sér og sínum gjörðum“. Á ári hverju eru haldin þónokkur blót og eru það helgiathafnir ásatrúarmanna (Ásatrúarfélagið, e.d.).

Í níunda flokknum er aðeins eitt félag og kallast flokkurinn borgarlegt lífsskoðunarfélag. Siðmennt er í þeim flokki en er það eina borgarlega lífsskoðunarfélagið á landinu. Fólk sem er í Siðmennt leggur áherslu á siðferðileg lífsviðhorf óháð trúarsetningum. Siðmennt aðhyllist húmanisma og leggur áherslu á ábyrgð einstaklinga gagnvart náunga sínum en einnig persónulegt frelsi einstaklingsins. Innan Siðmenntar hafa einstaklingar tækifæri til að halda upp


á ýmsar athafnir svo sem, giftingu, útfarir, nafngift án trúarlegrar merkingar. Siðmennt hefur líkt og kristni 10 skipanir eða boðorð sem að félagar lífsskoðunarfélagsins skulu lifa eftir. Hjá Siðmennt kallast þau loforðin 10 og ganga þau flest út á náungakærleik, samkennd, umhverfis- og hnattræna verndun (Siðmennt, 2009).

Í tíunda floknum, flokki einstaklinga utan trú- og lífsskoðunarfélaga, eru tveir hópar. Það eru hóparnir „allir utan trú- og lífsskoðunarfélaga“ og „önnur trúfélög og ótilgreint“. En þeir þurfa báðir að vera til þess að fjöldinn sé marktækur. Þetta er vegna þess að einstaklingar þurfa að skrá sig sérstaklega utan þeirra til að vera skráðir í hópinn „utan trú- og lífsskoðunarfélaga“. Mikilvægt er því að taka einnig með einstaklinga með ótilgreinda skráningu þar sem að þeir einstaklingar hafa ekki tekið afstöðu til skráningar í trú- og lífsskoðunarfélag (Gunnhildur Kjerúlf Birgisdóttir, 2022).

6.2 Niðurstöður á gagnaskoðun frá Hagstofu Íslands

Í þessum kafla verða sett fram tölfræði frá Hagstofu Íslands um breytingar á skráningu Íslendinga í mismunandi trúarflokka milli áráanna 1998-2022. Tölurnar verða teknar með 6 ára millibili, þ.e.a.s. árið 1998, 2004, 2010, 2016 og að lokum 2022. Settar verða fram helstu breytingar ásamt einföldum myndritum og tölfræði.


Eins og áður hefur komið fram hafa verið mikla breytingar í skráningu Íslendinga í þjóðkirkjuna. Mikil hjöðnun hófst rétt í kring um 2010 og hefur talan ekki færst upp á við síðan þá en þess má geta að milli 2010 og 2022 sögðu 22.341 einstaklingar skilið við þjóðkirkjuna. Örlítil aukning var í þjóðkirkjunni milli áráanna 1998-2010 en þá bættust rúmlega 6500 manns í kirkjuna rétt áður en skráningin fór að dvína. Hlutfallsbreyting í floknum milli áráanna 1998-2022 er neikvæð, rétt um -6,4% (Hagstofa Íslands, e.d. -c).



Mynd 6: Fjöldi einstaklinga skráðir í þjóðkirkjuna. ATH, ásinn hefur verið skekktur: Klippt hefur verið neðan af ásnunum til að sýna betur breytinguna sem hefur átt sér stað (Hagstofa Íslands, e.d.- c).

Margir telja að minnkandi þátttaka í þjóðkirkjunni sé vegna breyttrar sýnar samfélagsins gagnvart þjóðkirkjunni. Sumir hafa skráð sig úr kirkjunni því þeir telja ekki skynsamlegt að skattpeningar sínir fari í að þjónusta þjóðkirkjuna og hennar starfsmenn en aðrir einfaldlega vegna breyttrar trúarlegra skoðana (Siggeir F. Ævarsson, 2021) Samkvæmt þjóðarpúlsi Gallup frá árinu 2018 kemur fram að aðeins 33% þjóðarinnar beri mikið traust til þjóðkirkjunnar og um 39% beri lítið traust til hennar. Þetta er mikil breyting á um 20 árum þar sem að árið 1999 voru þeir sem báru mikið traust til þjóðkirkjunnar helmingi fleiri (Ritstjórn Kjarnans, 2018). Þjóðarpúls Gallup ári seinna kannaði sömu hluti og þar kom fram að meirihluti landsmanna eða um 55% voru hlynntir aðskilnaði ríkis og kirkju og aðeins 23% á móti aðskilnaðinum (Gallup, 2019). Ýmsar aðrar ástæður geta verið fyrir skráningum úr þjóðkirkjunni og hafa þær oft verið mótaðar af samfélagsáhrifum. Þessi breytta sýn þjóðarinnar á þjóðkirkjuna er sennilega stærsti þátturinn þegar kemur að minnkandi fjölda sem skráðir eru í þjóðkirkjuna


Í 2. flokknum, flokki kristinna safnaða utan þjóðkirkjunnar, hefur fjöldi skráðra einstaklinga aukist ólíkt skráningu í þjóðkirkjuna en þess má geta að á milli árána 1998 og 2022 jókst fjöldinn í kristnum söfnuðum utan þjóðkirkjunnar um 112,6% (Hagstofa Íslands, e.d.- c).



Mynd 7: Fjöldi einstaklinga skráðir í 2. flokk: Kristnir söfnuðir utan þjóðkirkjunnar (Hagstofa Íslands, e.d. -c).

Áhugavert er að bera saman tölurnar í flokki þjóðkirkjunnar og flokki kristinna söfnuða utan þjóðkirkjunnar þar sem að trúin í trúfélögunum er sú sama, evangelísk-lúthersk kristni. Hvernig stendur þá á því að svo mikill munur er á skráningu í flokkana tvo? Ein ástæða fyrir aukningu einstaklinga í flokki kristinna söfnuða utan þjóðkirkjunnar samanborið við fækkun meðlima í flokki þjóðkirkjunnar gæti verið minnkað traust til þjóðkirkjunnar eins og áður hefur verið fjallað um. Einstaklingar treysta ekki kirkjunni og/eða ríkinu lengur og vilja því segja skilið við trúfélagið. Ekki er víst að einstaklingarnir vilji segja skilið við trú sína og skrá sig þess vegna í annað trúfélag sem að iðkar sömu trú. Erfitt er samt að átta sig fyllilega á því hvað veldur þessari breytingu, bæði skráningunni í og úr trúfélögunum en einnig tilfærslunni yfir í önnur trúfélög.

Í flokki kristinna bókstafstrúarsöfnuða, hefur fjöldi skráðra einstaklinga breyst og aukist þónokkuð. Milli árana 1998 og 2022 hefur orðið 46.6% aukning í þeim flokki en mesta aukningin átti sér stað á milli árana 1998 og 2010 þegar fjöldinn fór úr 2635 manns í 3982. Eftir árið 2010 hefur skráning í trúfélögin dalað hægt og rólega án þess samt að breytingin sé sérstaklega eftirtektarverð (Hagstofa Íslands, e.d. -c).



Mynd 8: Fjöldi einstaklinga skráðir í 3. flokk: Kristnir bókstafstrúar söfnuðir (Hagstofa Íslands, e.d. -c).

Hægt væri að tengja þessa fækkun á skráðum einstaklingum eftir árið 2010 við mikla samfélagslega umræðu um trúarofbeldi innan safnaðanna. Fyrrverandi meðlimir hafa greint frá miklu ofbeldi af höndum trúarleiðtoga innan safnaða eins og Smáarakirkjunnar, Hvítasunnukirkjunnar og í Frelsinu (ekki virkur í dag). Nýlegur Kompás þáttur, sem sýndur var 2022, fjallaði um reynslu einstaklinga þar sem viðmælendurnir lýstu hræðilegri reynslu sinni af slíkum bókstafstrúarsöfnuðum. Mikil vitundarvakning hefur verið undanfarin ár um skaðleg áhrif slíkra safnaða á einstaklinga og sérstaklega einstaklinga sem tilheyra minnihlutahópum (Sunna Valgerðardóttir, 2022). Þessi umræða getur að sjálfsögðu haft áhrif á þátttöku einstaklinga í söfnuðum í þriðja floknum. Eins og áðan kom fram er þessi breyting ekki sérstaklega eftirtektarverð og þess vegna ekki nauðsynlegt að gera grein fyrir henni.


Í flokki kaþólsku kirkjunnar hefur skráningu einstaklinga fjölgað gríðarlega. Aukning skáðra einstaklinga í kaþólsku kirkjuna er um 358% milli árána 1998-2022. Aukningin hefur verið jöfn yfir árin og ekki verið um að ræða neinar stórvægilegar sveiflur. Árið 1998 voru meðlimir í flokknum aðeins 3214 en eftir rúmlega 20 ár hefur fjöldi meðlima farið upp í 14.723 einstaklinga (Hagstofa Íslands, e.d. -c).



Mynd 9: Fjöldi einstaklinga skráðir í 4. flokk: Kaþólska kirkjan (Hagstofa Íslands, e.d. -c).

Eins og áður hefur komið fram hefur aukning á innflytjendum hér á landi aukist svo um munar og stærsti hluti þeirra frá Póllandi, Filippseyjum og Litháen (Hagstofa Íslands, 2019). Áhugavert getur verið að skoða tengsl á milli aukningar í Kaþólsku kirkjunni og innflytjenda frá Póllandi, Filippseyjum og Litháen. Þar sem að fjölmennasta trúin í þeim löndum er kaþólsk trú. Hægt er að nefna að minnsta kosti 80% íbúa Póllands og Filippseyja tilheyra kaþólskri kirkju og þess vegna ekki ólíklegt að innflytjendur frá þeim löndum tilheyri henni að miklum hluta til. Rúmlega 20% íbúa Litháens tilheyra Kaþólsku kirkjunni svo að hægt er að áætla að svipaður hluti innflytjenda þaðan tilheyri henni líka hér á landi (Coogan, 2003).

Í flokki Votta jehóva hefur fjöldi skráðra einstaklinga breyst lítið en hlutfallsbreytingin milli árana 1998-2022 var neikvæð eða -2,6%. Breytingin í Vottum jehóva er jafnframt minnsta breyting meðal allra flokkana sem hér eru settir fram, þrátt fyrir að árin 1998 og 2022 sé fjöldi einstaklinga skráðir í söfnuðinn svipaður þá jókst fjöldinn á þessu tímabili og náði hámarki rétt um 2010. Þ.e.a.s. milli árana 1998 og 2010 jókst fjöldinn úr 605 í 693 einstaklinga. Upp úr 2010 fór safnaðarmeðlimum aftur fækkandi og voru 589 skráð árið 2022 (Hagstofa Íslands, e.d. -c).



Mynd 10: Fjöldi einstaklinga skráðir í 5. flokk: Vottar jehóva (Hagstofa Íslands, e.d. -c).

Líkt og flokki kristinna bókstafstrúarsöfnuða hefur aukinn samfélagsleg umræða um söfnuðinn sennilega haft mikil áhrif á fjölda meðlima. Undanfarin áratug hefur verið mikil vakning í samfélaginu um þá útskúfun sem fyrrverandi meðlimir verða fyrir. Þau hafa sum lýst hræðilegri útskúfun þar sem þeim var gert að segja skilið við fjölskyldu, vini og allt sitt stuðningsnet. Það er svoleiðis í söfnuðinum að meðlimir mega ekki vera nán einstaklingum sem ekki eru í söfnuðinum. Ásamt þessu hafa meðlimir sagt frá andlegu og sumir líkamlegu ofbeldi sem að þeir urðu fyrir (Sunna Valgerðardóttir, 2020).

Hægt er að nefna það að í Noregi hefur söfnuðum Votta jehóva verið svipur ríkisstyrk vegna útskúfana fyrrum sóknarbarna sinna. Ríkið hóf að vinna að rannsókn á trúfélaginu eftir ábendingar fyrrverandi félagsmanna um útskúfum og útilokun. Að lokum tóku þau ákvörðun um að svipta trúfélagið ríkisstyrk sínum sem er að andvirði 230 milljónir íslenskra króna á ári. Þess má geta að stuttu áður hafði fréttaskýringarþátturinn *Brennpunkt*, sem sýndur var í ríkisútvarpinu NRK í Noregi, fjallaði um Votta jehóva og þau skilyrði sem trúfélagið setur fyrir sóknarbörn sín, sem dæmi má nefna að ungmenni þurftu að gera nákvæma grein fyrir kynhegðun sinni fyrir framan dómstól trúfélagsins til þess að vera velkominn í söfnuðinn. Þátturinn var einn af stærstu umræðuefnunum í samfélaginu eftir að dómurinn gegn trúfélaginu var kveðinn upp (Atli Steinn Guðmundsson, 2022). Líkt og í Noregi hefur hér á Íslandi verið sýnt fram á þau gríðarlegu neikvæðu félagslegu áhrif sem að söfnuðurinn hefur á einstaklinga, bæði þeirri einangrun frá umheiminum þegar þú ert meðlimur í söfnuðinn en

einnig sú útilokun frá fjölskyldu, vinum og öðrum í söfnuðinum eftir að þú segir skilið við hann (Sunna Valgerðardóttir, 2020).

Í flokknum múslimar á Íslandi, hefur aukningin verið mikil en þó jöfn og ekki sveiflukennd milli árana 1998 og 2022. Aukningin var 1261,5% eða um 984 einstaklingar sem skráðu sig í félagið á þeim tíma (Hagstofa Íslands, e.d. -c).



Mynd 11: Fjöldi einstaklinga skráðir í 6. flokk: Múslimar (Hagstofa Íslands e.d. -c).

Íslam er ríkjandi trú í miðausturlöndum og þess vegna má ætla að innflytjendur sem koma þaðan séu almennt þeirrar trúar. Frá þessum löndum kemur aðallega flóttafólk eða umsækjendur um alþjóðlega vernd sem skilgreinast sem þeir sem eru utan við heimaland sitt vegna ótta við að verða ofsótt, af ýmsum ástæðum. Þá annars vegar í boði stjórnvalda eða með því að sækja um alþjóðlega vernd en undanfarna áratugi hefur orðið mikil aukning á einstaklingum sem að sækja um alþjóðlega vernd frá þessu svæði (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.). Hægt er að nefna sem dæmi að árið 2018 fengu 247 einstaklingar alþjóðlega vernd á Íslandi en um 71 einstaklingur kom frá Sýrlandi (Hagstofa Íslands, 2020). Í Sýrlandi er íslam iðkuð af um 50-89% þjóðarinnar og má þess vegna ætla að u.þ.b. sama hlutfall hópsins hér á landi séu múslimar (Cooney, 2003). Ásamt þessum hópi flóttamanna frá Sýrlandi hefur einhver fjöldi flóttamanna á Íslandi komið frá Palestínu, Íran, Írak og Afganistan (Hagstofa Íslands, e.d. c). Í þessum löndum/ríkjum er íslam iðkað af meira en 90% þjóðarinnar og þess vegna má einnig ætla að u.þ.b. sama hlutfall af flóttamönnum þaðan séu múslimar (Cooney, 2003).

Í flokki búddista á Íslandi, hefur einnig verið mikil aukning en eins og í flokki múslima hefur hún verið jöfn síðustu ár og ekki sveiflukennnd. Frá 1998-2022 hefur aukning meðlima í flokknum verið 358.8% eða um 1141 einstaklingar. Mesta hlutfallslega breytingin var á milli áráanna 2004 og 2010 þegar fjöldi búddistar næstum því tvöfaldaðist og fór úr 519 í 1015 manns (Hagstofa Íslands, e.d. -c).




Mynd 12: Fjöldi einstaklinga skráðir í 7. flokk: Búddistar (Hagstofa Íslands e.d. -c).

Aukningin í flokki búddista gæti að hluta til, eins og í flokki múslima, stafað af hópum innflytjenda. Félögin í flokki búddista eru þrátt fyrir það mjög fámenn miðað við aðra trúarhópa, svo að ekki er hægt að segja að stórvægileg aukning á búddistum hafi áhrif á samfélagið. Búddistar koma mestmegnis frá mið/austur Asíu löndunum eins og Indlandi, Kína, Tíbet og Taílandi (Cooney, 2003). Mikilvægt er að nefna að það er ekki fjölmennur hópur innflytjenda eða flóttafólks sem hefur komið til landsins undanfarin ár frá þessum löndum samanborið við til dæmis innflytjendahópa frá Póllandi, Litháen og Filippseyjum. Fjöldi þeirra er a.m.k. undir 3,9% allra innflytjenda á Íslandi (Hagstofa Íslands, e.d. -b).

Undanfarin ár hefur núvitund, öndunaræfingar og jóga verið í umræðunni og líklegt er að einstaklingum sé að fjölga sem iðka slíkt í takt við aukna umræðu, en jóga er samansafn af hreyfingum, öndun og hljóðum sem að miðar að samtíðunni líkama, huga og sálar. Jóga á að losa um spennu í líkamanum og koma jafnvægi á almenna andlega og líkamlega starfsemi (Guðjón Bergmann, 2014). Hugmyndafræðin á bak við jóga og núvitund er talin eiga uppruna sinn í Búddisma og hafa búddistar iðkað jóga í mörg hundruð ár. Kjarni búddismans liggur í raun í núvitund og að draga fram í sjálfum sér jákvæðar tilfinningar (Armstrong 2001). Hægt væri að

ætla að í kjölfar aukinnar umræðu um jóga og núvitund gætu einstaklingar sem iðka jóga skráð sig í félögin í flokki búddista og þar af leiðandi meðlimum trúfélaganna fjölgað. Erfitt er að vita hvað nákvæmlega veldur þessari aukningu þrátt fyrir hugmyndir og vangaveltur um það.


Einstaklingar sem skráðir eru í flokk Ásatrúar hefur fjölgað hlutfallslega mest af öllum flokkunum á tímabilinu 1998-2022. Aukningin er um 1884,3% eða um 5276 einstaklingar á tímabilinu. Engin stórvægileg sveifla er á skráningunni en hún var nokkuð jöfn fram til ársins 2010 þegar eitthvað breytist og það hefst að aukast all verulega í ásatrúarsöfnunum. Á milli árana 2010 og 2016 meira en tvöfaldast fjöldi meðlima í söfnunum (Hagstofa Íslands, e.d. - c).



Mynd 13: Fjöldi einstaklinga skráðir í 8. flokk: Ásatrú (Hagstofa Íslands, e.d. -c).

Þess má geta að árið 2019 var Ásatrúarfélagið fimmta stærsta trúfélag landsins og enn fremur það stærsta sem ekki byggir á kristnum grundvelli. Ásatrúarfólk lítur svo á að ásatrú sé lífsstíll frekar en trú en erfitt er að átta sig á því hvers vegna svo mikil aukning á meðlimum hefur verið í ásatrúarsöfnunum (Birna Stefánsdóttir, 2019). Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði og forstöðumaður Ásatrúarfélagsins sagði í viðtali árið 2017 að þessa aukningu mætti rekja til þess að félagið hafið verið sýnilegra með því t.d. að halda fleiri athafnir og blót sem eru opin fyrir öllum, nýjum eða skráðum meðlimum (Magnús Heimir Jónasson, 2017).


Einstaklingar í flokki Siðmenntar voru engir fram til ársins 2013 þegar það var stofnað svo að breytingar á skráningu eru aðeins á milli árana 2016 og 2022. Breytingin á milli þeirra ára er um 221,4% eða 3224 einstaklingar (Hagstofa Íslands, e.d. -c).



Mynd 14: Fjöldi einstaklinga skráðir í 9. flokk: Siðmennt (Hagstofa Íslands, e.d. -c).

Eins og sést á þessum tölum hefur orðið mikil aukning í Siðmennt undanfarinn áratug eða frá árinu 2013 þegar félagið fékk skráningu sem lífsskoðunarfélag. Athöfnum hjá Siðmennt á ári hverju hefur farið fjölgandi frá árinu 2014 þegar félagið fékk vígsluréttindi. Athafnir það ár voru 114 en árið 2017 voru þær 356 talsins. Mikil aukning er á milli þessara þriggja ára og þess má geta að hver sem er innan félagsins getur sótt um að vera athafnastjóri og þannig laðað að félaginu nýjan hóp eða einstaklinga. Þessi einstaklingar geta síðan séð um athafnir eins og giftingar, jarðarfari, fermingar og nafngjafir (Lilja Katrín Gunnarsdóttir, 2018). Rétt eftir að félagið fékk skráningu árið 2013 skráðu fjöldi manns sig í félagið. Ári eftir, eða í 1. janúar 2014 voru meðlimir siðmenntar orðnir 612 (Hagstofa Íslands, e.d. b). Tölulega séð er þetta mikil aukning á fyrsta „starfsári“ félagsins en hægt er að rekja einhvern hlut þessara einstaklinga til óskráðra meðlima sem að voru áður en að félagið var formlega skráð af ríkinu sem lífsskoðunarfélag. Þ.e.a.s. að áður en Siðmennt var viðurkennt af ríkinu sem lífsskoðunarfélag hafði félagið einhverja meðlimi og þess vegna voru ekki endilega 612 nýir meðlimir fyrsta skráða „starfsár“ Siðmenntar (Siðmennt, e.d.).

Í flokknum allir utan trú- og lífsskoðunarfélaga hefur breytingin aukist með hverju árinu. Á milli 1998 og 2022 var um 889,2% breyting á skráðum meðlimum. Einstaklingar utan trú- og lífsskoðunarfélaga fóru úr 9.130 árið 1998 í 90.308 árið 2022, það hefur því fjölgað á þessu tímabili um 81.178 einstaklinga utan trú- og lífsskoðunarfélaga (Hagstofa Íslands, e.d. -c).



Mynd 15: Fjöldi einstaklinga í 10 flokki, utan trú- og lífsskoðunarfélaga (Hagstofa Íslands, e.d. -c).

Líkt og með aðra flokka er erfitt að átta sig nákvæmlega á því hvað veldur þessari aukningu en hægt er að tengja þróunina við breytingar í stærsta trúfélagi Íslendinga, þjóðkirkjunni. Eins og áður hefur komið fram hefur einstaklingum í þjóðkirkjunni fækkað mikið síðustu áratugi en óljóst er hvort þeir einstaklingar hafi skráð sig í nýtt trúfélag eða séu nú utan trú- og lífsskoðunarfélaga. Tölurnar benda þó til þess að nokkuð af þeim fjölda sé nú utan trú- og lífsskoðunarfélaga.

7 Umræður

Með þessari ritgerð var markmiðið að kortleggja breytingar á skráningu í trúfélög á Íslandi og tengingu þeirra breytinga við breytta samsetningu íslensku þjóðarinnar. Eftir vinnslu við ritgerðina er ljóst að ekki eru til nægar rannsóknir á þessu sviði og þá sérstaklega vantar efni um afhelgun hér á Íslandi. Mikið efni er til frá Bandaríkjunum og aðeins frá Evrópu en tel ég að frekari rannsóknir á því málefni hér á landi séu mikilvægar. Einnig væri áhugavert að sjá nýrri rannsóknir hér á landi sem að skoða áhrif einstakra trúarbragða á einstaklinga sem að tilheyra þeim.

Eins og kom fram í upphafi ritgerðarinnar hafa trú og trúarbrögð um árábil gefið einstaklingum um allan heim tilgang í sínu daglega lífi og hafa trúarbrögð verið gríðarlega stór partur af samfélögum um allan heim. Mikilvægt er því fyrir öll samfélög að átta sig betur á því hvaða samfélagsbreytingar standa yfir hverju sinni og ekki síst þegar þær breytingar tengjast trúarlífi íbúa. Því er ekki síður mikilvægt fyrir félagsfræðinga og aðra sem að rannsaka samfélagslegar breytingar að taka tillit til trúarlífs einstaklinga og þeirra áhrifa sem trúarlíf einstaklingsins getur haft á lifnaðarhætti hans.

Í ritgerðinni voru skoðaðar tölur og fjöldi innflytjenda á þessum árunum 1998-2022 en erfitt var að átta sig nákvæmlega á því í hvaða trúfélög þeir einstaklingar sem fluttu til landsins skráðu sig í. Þrátt fyrir það má áætla að þegar hópur innflytjenda frá löndum þar sem ákveðin trúarbrögð eru ríkjandi kemur til landsins, og skráning í þau trúfélög hækkar á sama tíma, sé sá hópur innflytjenda stærsti fjöldi einstaklinganna sem að skráðu sig í trúfélagið í tímabilinu. Sem dæmi um þetta er t.d. hægt að nefna meðlimi í kaþólsku kirkjunni sem að hefur fjölgað í takt við innflytjendur frá löndum eins og Póllandi og Filippseyjum, þar sem að kaþólsk trú er iðkuð af meirihluta íbúa landsins. Einnig er hægt að nefna fjölgun meðlima í trúfélögum íslam hér á landi og væri hægt að tengja þá aukningu við innflytjendur og flóttamenn frá miðausturlöndunum.

Áhugavert er að skoða tölfræðina þegar kemur að skráningu í trúfélög hjá Hagstofunni. Ljóst er á athugun á gögnum frá Hagstofu Íslands að það eru tveir megin þættir sem hafa haft

mest áhrif á breytingu á skráningu í trúfélög. Annars vegar aukinn fjöldi innflytjenda síðust áratugi en einnig breytt sýn Íslendinga á Þjóðkirkjuna. Fyrri þátturinn, innflytjendur, hefur eins og áður kom fram haft mikil áhrif á samfélög um allt land. Innflytjendur hafa komið til landsins í auknu mæli frá því rétt fyrir aldarmótin og hefur breyting á skráningu í trúfélög á Íslandi þróast í takt við aukin fjölda þeirra. Þá er helst hægt að nefna aukinn fjölda meðlima í katólsku kirkjuna, söfnuði múslima og söfnuði búddista.

Seinni þátturinn, breytt sýn á Þjóðkirkjuna, hefur aðallega haft áhrif á skráningu í og úr tveimur flokkum. Úr Þjóðkirkjunni og fjölgun þeirra sem eru utan trú og lífsskoðunarfélaga. Eins og áður hefur komið fram hefur verið gríðarleg aukning á meðal fólks sem nú er skráð utan trú- og lífsskoðunarfélag og hefur á sama tíma fækkað mikið í Þjóðkirkjunni. Hugsanlega gæti aukin umræða um aðskilnað kirkju og ríkis hafa haft áhrif á fjölda meðlima í þessum flokkum. Mikilvægt er að taka tillit til þeirra samfélagslegu breytinga sem hafa átt sér stað á Íslandi síðustu áratugi og hvaða áhrif sú breyting hefur á stöðu kirkjunnar. Auk þess er áhugavert að skoða hvernig aukning í alla flokka sem að aðhyllast ekki eiginleg trúarbrögð, það er að segja lífsskoðunarfélög og þegar fólk velur að vera utan trú og lífsskoðunarfélaga. Erfitt er að átta sig á því af hverju þessi breyting stafar en gæti hún mögulega tengst afhelgun en lítið er til af rannsóknum um þá þróun hér á Íslandi til þess að setja þessa þróun í samhengi við.

Hugmyndir fólks um trú, trúarbrögð og tengingar þeirra við ríkið breytast hratt með tímanum og samfélagsbreytingum en afturámóti breytast siðir, venjur og gildi Íslendinga ekki jafn hratt. Samfélagið er á stöðugri hreyfingu þegar kemur að félagslegum veruleika og tengingu einstaklinga við einstök trúfélög. Þó að þessar breytingar hafi leitt af sé jákvæða þróun hafa þær einnig skapað nýjar áskoranir fyrir þjóðir eins og Íslendinga sem hafa í gegnum aldirnar kennt sig við kristna trú en síðustu áratugi hefur það verið að breytast. Með aukinni hnattvæðingu er hægt að sjá hvernig samsetning þjóðarinnar breytist. Ein mikilvægasta breytingin sem hefur komið í kjölfar þess er meiri tengsl milli fólks og menningar af mismunandi uppruna og þjóðarháttum og verðum við því að nýta hana okkur góðs en ekki láta breytinguna hafa neikvæð áhrif á þróun og betrun okkar sem þjóðar. Samkvæmt félagslegum skilgreiningum sem hafa komið fram í þessari ritgerð er hlutverk trúarbragða að sameina en ekki sundra og mikilvægt er á þessum miklu umbreytingartímum að það hlutverk haldist þrátt fyrir þær samfélagslegu breytingar.

Heimildir

Armstrong, K. (2001). Buddah. Phoenix

Atli Steinn Guðmundsson. (2022, 28. janúar). *Vottar Jehóva sviptir ríkisstyrk*. Morgunblaðið.

https://www.mbl.is/frettir/erlent/2022/01/28/vottar_jehova_sviptir_rikisstyrk/

Ágúst Þór Árnason. (e.d.). *Samband ríkis og kirkju*.

https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/stjornarskra/Skyrsla_stjornlaganefndar_fyrra_bindi_Samband_rikis_og_kirkju.pdf

Ásatrúarfélagið (e.d.). *Forsíða*. <https://asatru.is>

Berndl, K., Hattenstein, M., Knebel, A. og Udelhoven, H. J. (2008). *Saga mannsins - Frá örófi fram á þennan dag* (Illugi Jökulsson þýddi). Skuggi.

Berquist, J. L. (2005). The Lopsided Spread of Christianity: Toward an Understanding of the Diffusion of Religions. *Sociology of Religion*, 66(3), 327-329.

<https://doi.org/10.2307/4153106>

Birna Stefánsdóttir. (2019, 12. febrúar). *Fjöldi meðlima í Ásatrúarfélaginu nær fjórfaldast á tíu árum*. Kjarninn. <https://kjarninn.is/frettir/2019-02-11-fjoldi-medlima-i-asatruarfelaginu-naer-fjorfaldast-tiu-arum/>

Bjarni Randver Sigurvinnson. (2019). *Frjálslynda fjölskyldan*. [PowerPoint glærur]. Vantrú. https://www.vantru.is/skrar/Frjalslynda_fjolskyldan_i.pdf

Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson. (1991). *Íslandssaga til okkar daga*. Sögufélag

Capell, M. B., og Sahliyeh, E. (2007). Suicide terrorism: Is religion the critical factor?. *Security Journal*, 20(1), 267-283. <https://doi.org/10.1057/palgrave.sj.8350029>

Coogan, M. D. (2003). *World religions: The illustrated guide*. Duncan Baird.

Dhima, K., og Golder, M. (2021). Secularization Theory and Religion. *Politics & Religion*, 14(1), 37-53. <https://doi.org/10.1017/S1755048319000464>

Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir (1990). *Íslenska alfræðiorðabókin* [rafrænt uppfléttirit]. Örn og Örlygur. <https://snara.is>

- Durkheim, Émile. (1964). *The Elementary Forms of the Religious Life* (Swain, J. W. þýddi). Allen & Unwin.
- Edscorn, S. R. (2007). Sources: Encyclopedia of catholicism. *Reference and User Services Quarterly*, 47(2), 179-180. <https://doi.org/10.5860/rusq.47n2.179.2>
- Emilía Dagný Sveinbjörnsdóttir. (2009, 24. desember). *Halda vottar Jehóva upp á jól?* Vísindavefurinn. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=30159>
- European Union. (e.d.). *Immigration to the European Union*. EU. https://european-union.europa.eu/live-work-study/immigration-eu_en
- Fordahl, C., og Berglind Ragnarsdóttir. (2021). When the Gods Fall: Varieties of Post-Secularization in a Small, Secularized State. *Politics & Religion*, 14(2), 362-387. <https://doi.org/10.1017/S1755048320000516>
- Gallup. (2019, 28. október). *Þriðjungur Íslendinga treystir þjóðkirkjunni*. <https://www.gallup.is/frettir/thridjungur-islendinga-treystir-thjodkirkjunni/>
- Guðjón Bergmann (2014, 13. maí). *Jóga: Hreyfing, slökun og hugarró*. Doktor.is <https://doktor.is/lifstill/joga-hreyfing-slokun-og-hugarro>
- Guðni Már Harðarson. (2008, 2. maí). *Boð(orð) og bönn*. Kirkjan. <https://kirkjan.is/kirkjan/tru.is/grein/?itemid=c2f0bbe1-2a11-ea11-810a-005056bc594d>
- Gunnar J. Gunnarsson. (2020). Facing the new situation of religious education in iceland. *Religions*, 11(10), 537. <https://doi.org/10.3390/rel11100537>
- Gunnar Óskarsson og Veselaj, Sabit. (2019). Menningaraðlögun erlends vinnuafis frá Póllandi: Ísland sem áfangastaður. *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál*, 16(1), 89-110. <http://www.efnahagsmal.is/article/view/a.2019.16.1.6>
- Gunnhildur Kjerúlf Birgisdóttir. (2022, 13. nóvember). *Meðlimum í þjóðkirkjunni fækkar enn*. Kjarninn. <https://nyr.ruv.is/frettir/innlent/2022-11-13-medlimum-i-thjodkirkjunni-faekkar-enn>
- Hagstofa Íslands. (e.d. -a). Alþjóðleg vernd eftir ríkisfangi, tegund verndar, kyni og aldri 1997-2019. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Vernd_dvalarleyfi/MAN45002.px

- Hagstofa Íslands. (e.d. -b). Mannfjöldi eftir fæðingarlandi, kyni og aldri 1. janúar 1998-2022.
https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Faedingarland/MAN12103.px
- Hagstofa Íslands. (e.d. -c). Mannfjöldi eftir trú og lífsskoðunarfélögum 1998-2023.
https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__menning__5_trufelog__trufelog/MAN10001.px
- Hagstofa Íslands. (2019). *Innflytjendum heldur áfram að fjölga*.
<https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/innflytjendur/>
- Hjalti Hugason. (2000). *Frumkristni og upphaf kirkju*. Alþingi.
- Hjalti Hugason. (2013). Samband ríkis og kirkju á „langri 20 öld“. Í Söguþing 2012 (ritstjóri), (bls. 1- 14).
<https://skemman.is/bitstream/1946/15600/1/Samband%20r%C3%ADkis%20og%20kirkju%20%C3%A0.pdf>
- Hjalti Hugason. (2018). Aðskilnaður ríkis og kirkju, upphaf almennrar umræðu 1878-1915. *Ritroð Guðfræðistofnunnar*, 47(0), 44-71.
<https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/2887/1632>
- Hjalti Hugason (2021). Á hverfandi hveli, um breytta stöðu þjóðkirkjunnar í ljósi sögunnar. *Ritið*, 21(2), 205-238. <https://ritid.hi.is/index.php/ritid/article/view/148/136>
- Hofverberg, E. (2017, 3. febrúar). Norway: State and Church separate After 500 Years. *Library of Congress*. <https://www.loc.gov/item/global-legal-monitor/2017-02-03/norway-state-and-church-separate-after-500-years/>
- Ikkos, G., og McQueen, D. (2019). Reflections on The Elementary Forms of Religious Life—Psychiatry in Pictures. *The British Journal of Psychiatry*, 214(5), 304.
<https://doi.org/10.1192/bjp.2019.71>
- Jänträ-Jareborg, M. (2010). Religion and the Secular State: National Report of Sweden. [Grein frá Ráðstefnu]. The IMPACT of Religion: Challenges for Society, Law and Democracy. https://www.crs.uu.se/digitalAssets/638/c_638688-l_3-k_religion_in_the_secular_state.pdf
- Karl Sigurbjörnsson. (2011, 4. apríl). *Þjóðríki, Þjóðkirkja*. Kirkjan.
<https://kirkjan.is/kirkjan/tru.is/grein/?itemid=b1fdd5c9-2a11-ea11-810a-005056bc594d>

- Kapólska kirkjan á Íslandi (e.d.). *Messur og helgihald*. Catholica. <https://catholica.is/1-soknir-i-reykjavikurbiskupsdaemi/>
- Kristín Loftsdóttir. (2004). This time it's different: globalization, power and mobility. Í Valur Ingimundarson, Kristín Loftsdóttir og Irma Erlingsdóttir (ritstjórar), *Topographies of globalization: Politics, culture, language* (bls. 149-162). Háskóli Íslands.
- Kristín Loftsdóttir. (2017). Being "The damned foreigner": Affective national sentiments and racialization of lithuanians in iceland. *Nordic Journal of Migration Research*, 7(2), 70-78. <https://doi.org/10.1515/njmr-2017-0012>
- Law insider. (e.d.). *Religious group definition* [rafrænt uppflettirit]. <https://www.lawinsider.com/dictionary/religious-group>
- Lilja Katrín Gunnarsdóttir. (2018, 8. júní). *Rúmlega 200 prósent aukning í athöfnum hjá siðmennt*. Mannlíf. <https://www.mannlif.is/frettir/rumlega-200-prosent-aukning-athofnum-hja-sidmennt/>
- Liu, X. (2008). Universal religions in world history: The spread of buddhism, christianity, and islam to 1500. *Journal of Global History*, 3(2), 276-277. <https://doi.org/10.1017/S1740022808002659>
- Magnús Heimir Jónasson. (2017, 28. mars). *Ásatrú á Íslandi í mikilli sókn*. Morgunblaðið. https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/03/28/asatru_a_islandi_i_mikilli_sokn_2/
- Mannréttindaskrifstofa Íslands. (e.d.). *Flóttamenn og umsækjendur um alþjóðlega vernd*. <https://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/mannrettindi-akvedinna-hopa/flottamenn-og-haelisleitendur>
- Margaret Bendroth. (2023). *Christian fundamentalism in america*. Oxford University Press. doi:10.1093/acrefore/9780199340378.013.419
- Mark Chaves. (1994). Secularization as declining religious authority. *Social forces*. 72(3). 749-774. <https://doi.org/10.2307/2579779>
- McGuire, M. B. (1992). *Religion, the social context*. Wadsworth Pub. Co.
- Morrison, K. (2006). *Marx, Durkheim, Weber: Formation of Modern Social Thought*. Sage.
- Mörður Árnason. (2010). Íslensk orðabók [rafrænt uppflettirit]. Forlagið. <https://snara.is>
- Nationalmuseet i København. (e.d.). *The old Nordic religion (asatro) today*. <https://en.natmus.dk/historical-knowledge/denmark/prehistoric-period-until-1050-ad/the-viking-age/religion-magic-death-and-rituals/the-old-nordic-religion-today/>

Opinbert Vefsetur Votta Jehóva. (2023). *Hverju trúa vottar Jehóva*.

<https://www.jw.org/is/vottar-jehova/spurningar-og-svor/vottar-jehova-truarskoðanir/>

Oxford Languages. (e.d.). Religion [rafrænt uppfléttirit].

https://www.google.com/search?client=safari&rls=en&sxsrf=APwXEddyY7qEPImJgcDlSdwR8xK6jhB5XQ:1681738949992&q=religion+definition&spell=1&sa=X&ved=2ahUK EwiJ-t_lhbH-AhWr_rslHaW5B04QBSgAegQIEhAB&biw=1124&bih=1254&dpr=2

Pétur Pétursson. (2000). Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni. Í Hjalti Hugason (ritstjóri), *Kristni á Íslandi: Til móts við nútímann* (bls 199-423). Alþingi.

Pétur Pétursson. (2005). Fyrir og eftir árið 2000, Félagsfræðilegar kannanir á trúarlífi Íslendinga. Í Úlfar Haukson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VI* (bls. 123-137).

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. <https://www.diva-portal.org/smash/get/diva2:1545591/FULLTEXT01.pdf>

Pickering, W. S. F. (1984). Durkheim's sociology of religion: themes and theories. *Sociological Analysis*, 47(1), 76-78. <https://www.jstor.org/stable/3711281?origin=JSTOR-pdf>

Post, J. M. (2002). *Killing in the Name of God: Osama Bin Laden and Al Qaeda*.

<https://apps.dtic.mil/sti/pdfs/ADA457552.pdf>

Ritstjórn Kjarnans. (2018, 26. desember). *Þriðjungur þjóðar ekki í þjóðkirkjunni*. Kjarninn.

<https://kjarninn.is/skyring/2018-12-20-thridjungur-thjodar-ekki-i-thjodkirkjunni/>

Salomonsen, J. (2021). Towards a New 1933? The Fascist Labor of the Extreme and Radical right. *Dialog*, 60(2), 220-227. <https://doi.org/10.1111/dial.12652>

Síðmennt. (e.d.). *Síðmennt í hnotskurn*. <https://www.sidmennt.is/um-sidmennt/>

Síðmennt. (2009, 19. mars). *Stefnuskrá síðmenntar*.

<https://www.sidmennt.is/humanismi/stefnuskra-sidmenntar/>

Siggeir F. Ævarsson. (2021, 27. nóvember). *Allt sem þú vissir ekki um sóknargjöld*. Vísir.

<https://www.visir.is/g/20212188543d>

Skeie, G. (2007). Religion and education in Norway. Í Jackson, R., Miedema, S., Weisse, W., Willaime, J. (Ritstjórar), *Religion and Education in Europe* (bls. 221-242). Waxmann.

https://books.google.is/books?hl=en&lr=&id=KOSKAAQBAJ&oi=fnd&pg=PA221&dq=Norway+religion+&ots=DGphQKZeO-&sig=1lygimWTE6c_9Ca07yaKOnIERJ4&redir_esc=y#v=onepage&q=Norway%20religion&f=false

- Sotshangane, N. (2002). What Impacted Globalization has on cultural diversity? *Alternatives: Turkish Journal Of International Relation*, 1(4), 214-231.
<https://dergipark.org.tr/tr/download/article-file/19399>
- Sunna Valgerðardóttir. (2020, 14. mars). *Útskýfað úr ríki Guðs og standa ein eftir*. Vísir.
<https://www.visir.is/g/20222234279d>
- Sunna Valgerðardóttir. (2022, 8. mars). *Flúðu trúarofbeldi í sértrúarsöfnuðum á Íslandi*. Vísir.
<https://www.visir.is/g/20222231723d>
- Svanberg, I. (1999). The Nordic countries. Í Westerlund, D. og Svanberg, I. (ritstjórar), *Islam Outside the Arab World* (bls. 379-401). Routledge.
https://books.google.is/books?hl=en&lr=&id=1DH9wZky30EC&oi=fnd&pg=PA379&dq=secularisation+nordic+countries&ots=l_z1TQO7IB&sig=PuapsEeV912vITcAUZXeN7Xj604&redir_esc=y#v=onepage&q=secularisation%20nordic%20countries&f=false
- Svavar Sigmundsson. (2015, 26. júní). Er það rétt að Þorgeir Ljósveitningagoði hafi hent goðum í Goðafoss? Vísindavefurinn. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=70316>
- The Architecture designs. (e.d.). *20 famous religious buildings around the world*.
<https://thearchitecturedesigns.com/20-famous-religious-buildings-around-the-world/>
- Unnur Dís Skaptadóttir. (2019). Transnational practices and migrant capital: The case of filipino women in iceland. *Social Inclusion*, 7(4), 211-220.
<https://doi.org/10.17645/si.v7i4.2320>
- Unnur Dís Skaptadóttir og Ólöf Garðarsdóttir. (2020). Becoming an immigration country: The case of iceland 1990-2019. Í Kristín Loftsdóttir, Unnur Dís Skaptadóttir og Sigurjón Baldur Hafsteinsson(ritsjórar), *Mobility and transnational Iceland: Current Transformations and global entanglements* (bls. 23-38). Háskólaútgáfan.
- Urbanski, M. (2022). Comparing Push and Pull Factors Affecting Migration. *Economies*, 10(1), 1-15. <https://doi.org/10.3390/economies10010021>
- Vorster, N. (2013). Christianity and Secularisation in South Africa: Probing the Possible Link between Modernisation and Secularisation. *Studies in World Christianity*, 19(2), 141-161. <https://www.eupublishing.com/doi/abs/10.3366/swc.2013.0049>
- Wilkinson, P. (2008). Religions. DK
- Pingskjal nr 33/1944. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Þingskjal nr. 793/2013-2014. Svar fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Birgittu Jónsdóttur um sóknargjöld.

Þingskjal nr. 960/2023. Lög um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.

Þingvellir. (e.d). *Kristnitaka*. <https://www.thingvellir.is/fraedsla/saga/kristnitaka/>

Þorbjörn Hlynur Árnason. (1994, 16. desember). Á að skilja að ríki og kirkju? Hreinn og klár skilnaður ríkis og kirkju myndi. Morgunblaðið.

<https://www.mbl.is/greinasafn/grein/168816/>